Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Hafnarfjörður

Grunnskólar Hafnarfjarðar

Skólanámskrá

6. bekkjarnámskrá

Skólanámskrá Hraunvallaskóla

Skólaárið 2018-2019

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.
Útgefin 2018.
Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.
Ábyrgð: Lars Jóhann Imsland (skólastjóri Hraunvallaskóla)

Útgefandi: Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)
Drekavöllum 9
221 Hafnarfjörður

netfang: hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is
veffang: http://www.hraunvallaskoli.is

FORMÁLI

Skólanámskrá hvers grunnskóla er gefin út í samræmi við lög um grunnskóla, nú frá árinu 2008 og ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá árinu 2011 og greinahluta frá árinu 2013. Sú skólanámskrá sem hér birtist er að auki samhæfð fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar. Í því felst að skólanámskráin hefur sömu uppbyggingu í öllum grunnskólum hvað efnisyfirlit (röðun), form (umbrot) og snið (efnisþættir) varðar en inntakið sjálft er ákvörðun hvers skóla – í samræmi við aðalnámskrá. Tilgangur þessa er bæði að auka fagmennsku í útgáfu skólanámskrár og að auðvelda yfirsýn skólanámskráa einstakra skóla innan Hafnarfjarðar, t.d. að koma í veg fyrir að efni vanti í þær og auðveldara sé að bera þær saman. Þrátt fyrir sameiginlegt form og efnisyfirlit er meginatriði skólanámskrárinnar sérstaða skólans sem kynnir þar áherslur sínar um nám og kennslu nemenda í samræmi við þá ábyrgð sem hann hefur samkvæmt lögum og reglugerðum.

Þótt skólanámskrá hvers skóla eigi að birta „sérstöðu“ hans er slíkt þó ekki einhlýtt. Þar sem aðalnámskrá grunnskóla birtir sameiginlega sýn um skólastarf á Íslandi þarf skólanámskrá hvers skóla einnig að endurspegla slíkt. Í ákveðnum tilvikum getur skólakerfið í Hafnarfirði sameinast um ákveðna samhæfingu í inntaki skólastarfsins í öllum skólum. En í flestum tilvikum er það hvers skóla að skilgreina eigin útfærslu á skólastarfinu, innan ramma aðalnámskrár, sem marki sérstöðu skólans og hans sérstöku aðstæður.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekks/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins.

Hlutverk skólanámskrár er að veita upplýsingar um áætlaða framkvæmd skólastarfs í grunnskólanum með áherslu á það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram í viðkomandi árgangi (þetta plagg sem ein bekkjarnámskrá). Hún er þannig leiðarvísir um skólastarfið og gefur til kynna að hverju er stefnt í skólastarfinu, þ.e. að hvaða hæfni er stefnt að nemandi nái á hverju námssviði, og fer fram í einstökum námsgreinum. Framkvæmdin sjálf, þ.e. hið daglega skólastarf, er þannig stöðug viðleitni til að ná ætlaðri stefnu þar sem ábyrgðin á framkvæmdinni er sameiginleg hjá skólayfirvöldum, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum með vissri verkaskiptingu og mismunandi ábyrgð í skólastarfinu. Til að framkvæmdin verði í samræmi við stefnuna þurfi allir aðilar að taka ábyrgð sína alvarlega.

Samhliða skólanámskrá er gefin út starfsáætlun skóla sem þarf að lesast samhliða skólanámskránni til að hún skiljist til fullnustu og fái fullt samhengi. Munur skólanámskrár og starfsáætlunar er ákvarðaður í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta, (2011, bls. 64-65). Hafnarfjörður er með eigin áherslur um samspil skólanámskrár og starfsáætlunar.

Þessi formáli er sameiginlegur fyrir allar skólanámskrár, þ.e. námskrár allra bekkja, allra grunnskóla í Hafnarfirði sem starfræktir eru af bæjaryfirvöldum.

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI 3
INNGANGUR 7
Saga skóla og starfsemi frá upphafi 8
I. Menntastefna skólans ..... **Error! Bookmark not defined.**
Menntastefna Hraunvallaskóla 9
1. Gildi, leiðarljós, uppeldis- og kennslufræðileg sýn til kennsluhátta skólans. 10
2. Stefna skóla 12
Stefna og markmið skólastarfsins varðandi afmarkaða þætti í stefnu skóla: 14
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ 15
JAFNRÉTTI 16
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI 17
LÆSI 18
SJÁLFBÆRNI 19
SKÖPUN 20
b. Símenntun, þróunarstarf og innra mat skóla 21
c. Foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólasamfélags 22
d. Samstarf og tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið 23
II. Skólastarf 6. bekkjar 25
II.1. Samantekt kennslu í 6. bekk 26
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 6. bekk 27
II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 6. bekk 29
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf. 30
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi 30
11. Námssvið og námsgreinar 31
Lykilhæfni 32
1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál 34
A. Íslenska 34
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 35
1.2. Lestur og bókmenntir 36
1.3. Ritun 37
1.4. Málfræði 38
B. Íslenska sem annað tungumál 39
2. Erlend tungumál 42
Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum 42
2.1. Enska 43
2.2. Danska 44
3. List- og verkgreinar 45

Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum 45
A. hluti - listgreinar: 47
3.1. Sviðslistir – leiklist 47
3.2. Sjónlistir - myndmennt 48
3.3. Tónmennt (Tónlist, taktur og túlkun) 50
B. hluti: 51
3.4. Heimilisfræði 51
3.5. Hönnun og smíði 52
3.6. Textílmennt 53
4. Náttúrugreinar 54
Viðmið um námshæfni í náttúrugreinum 54
4.1. Eðlis- og efnavísindi 55
4.2. Jarð- og stjörnufræði 55
4.3. Lífvísindi 56
4.4. Umhverfismennt 57
5. Samfélagsgreinar 58
Viðmið um námshæfni í samfélagsgreinum 58
5.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 59
5.2. Jafnrétti og lífsleikni 59
5.3. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði 61
6. Skólaíþróttir 62
Viðmið um námshæfni í skólaíþróttum 62
6.1. Íþróttir 63
6.2. Sund 64
7. Stærðfræði 66
Viðmið um námshæfni í stærðfræði 66
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði 69
Lýsing á námi og kennslu námsgreinarinnar 69
7.2. Tölur, reikningur og algebra 70
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi 72
8. Upplýsinga- og tæknimennt 74
Viðmið um námshæfni 74
8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni 75
VIÐAUKI 76
Kynning skólanámskrár og viðmið fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar 76
Viðauki A: Skólanámskrá og viðmið 77
Viðauki B: Viðmiðunarstundaskrá og viðmið 78
Viðauki C: Menntastefna skóla og viðmið 81
Viðauki D: Grunnþættir menntunar og viðmið 82

Viðauki E: Námssvið, námsgreinar og viðmið 85
Viðauki F: Hæfni (lykil*hæfni* og náms*hæfni*) og viðmið 88
Viðauki G: Námsmat, námsmatskvarðar og viðmið 89
Lokaorð 91

INNGANGUR

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Saga skóla og starfsemi frá upphafi

Hraunvallaskóli hefur þá sérstöðu að innan veggja hans er rekinn bæði leik- og grunnskóli. Í raun má segja að nemendur hefji skólagöngu sína átján mánaða í Hraunvallaskóla og ljúki henni við sextán ára aldur. Grunnskólinn tók til starfa haustið 2005 í bráðabirgðahúsnæði að Ásvöllum í Hafnarfirði. Þá voru um 90 nemendur í 1. – 4. bekk og 14 starfsmenn í skólanum. Haustið 2006 var fyrsti áfangi skólabyggingarinnar tilbúinn að Drekavöllum 9 og fluttist starfsemin þangað. Nemendum hafði fjölgað töluvert og voru þá orðnir um 260 í 1. – 7. bekk.
Það sama ár hóf leikskólinn starfsemi sína með um 100 nemendur í fjórum deildum. Samhliða hófst samstarf milli skólastiganna sem hefur verið í stöðugri þróun síðan. Í ágúst 2008 var þriðji og síðasti áfangi skólabyggingarinnar afhentur en þá voru skráðir um 480 nemendur í 1. – 9. bekk í grunnskólanum og starfsmenn þar komnir yfir 70. Hraunvallaskóli var þá fullbyggður einsettur þriggja hliðstæðu grunnskóli með íþróttahúsi ásamt fjögurra deilda leikskóla. Í skólanum tók fljótlega til starfa Tómstundamiðstöð sem samanstendur af Frístundaheimilinu Hraunseli og félagsmiðstöðinni Mosanum og lýtur hún stjórn skólastjóra.
Frá upphafi var lagt upp með að Hraunvallaskóli skyldi starfa eftir hugmyndafræði opna skólans og er byggingin hönnuð með það í huga. Ávallt hefur verið lögð áhersla á að nemendur hljóti góða alhliða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Í kennsluskipulagi er lögð áhersla á hópavinnu og samvinnu nemenda. Kennarar vinna saman í teymum í kennslustundum og við skipulagningu kennslunnar.
Vorið 2010 var í fyrsta skipti útskrifaður 10. bekkur frá skólanum og var það sögulegur áfangi í starfi skólans. Vorið 2015 var haldið upp á 10 ára afmæli skólans en það ár útskrifuðust í fyrsta sinn nemendur sem hafa verið í Hraunvallaskóla frá upphafi sinnar skólagöngu. Voru það einnig söguleg tímamót í starfi skólans. Margar hefðir hafa skapast í skólanum gegnum árin og eftir því sem starfsárunum fjölgar bætast nýjar hefðir við. Allir þessir viðburðir eiga góðan þátt í því að móta jákvæða og uppbyggjandi skólamenningu og eru mikilvægar stoðir við uppbyggingu skólasamfélagsins.

I. Menntastefna skólans

Menntastefna skóla er grunnstefna skóla og felur í sér á allar stefnuáherslur skólans í einni stefnu og skal birtast í skólanámskrá (aðalnámskrá 2011, bls. 64). Menntastefna skólans er sett fram á grundvelli sjónarmiða á aðalnámskrá grunnskóla þar sem kjarni hennar skulu vera sex grunnþættir menntunar (heilbrigði og velferð, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni og sköpun). Meginatriði í menntastefnu skóla eru megináherslur skólastarfsins sem skilgreina má í gegnum margvíslega stefnuþætti um „stefnu skólans, gildi, uppeldis- og kennslufræðilega stefnu og kennsluhætti“ (aðalnámskrá grunnskóla 2011, bls. 66).

Menntastefna skóla er þannig aðgreind frá (1) menntastefnu ríkisins en aðalnámskrá grunnskóla er þá birtingarmynd hennar á hverjum tíma og (2) menntastefnu sveitarfélagsins sem er skólastefna bæjarins.

Menntastefna Hraunvallaskóla

Í Aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að hver skóli skilgreini eigin menntastefnu sem er nánari útfærsla á aðalnámskrá (2011, bls.62). Menntastefna Hraunvallaskóla birtist í nokkrum hlutum eða þáttum og lýsir því hvernig skólinn markar sér sérstöðu og tekur ábyrgð á því samfélagslega verkefni sínu að mennta nemendur í öruggu umhverfi.

Menntastefna skóla birtist í nokkrum hlutum sem hér eru greindir í eftirfarandi þætti:

1. Gildi, leiðarljós, uppeldis- og kennslufræðileg sýn til kennsluhátta skólans.
2. Stefna og stefnuþættir skólastarfsins:
    a. Grunnþættir menntunar og forvarnir.
    b. Símenntun, þróunarstarf og innra mat skóla
    c. Foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólasamfélags.
    d. Samstarf og tengsl skólastiga við nærumhverfið.
    e. Aðrar áherslur skóla.

Hraunvallaskóli
VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

1. Gildi, leiðarljós, uppeldis- og kennslufræðileg sýn til kennsluhátta skólans.

Hraunvallaskóli er menntastofnun sem sinnir hlutverki sínu í samvinnu við heimili með það að markmiði að tryggja almenna menntun og velferð nemenda.

Almenn menntun stuðlar að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi. Í því felst að nemandinn geri sér grein fyrir styrkleikum sínum, bæði þeim sem snúa að fræðilegri þekkingu og ekki síður þeim er snerta verkþekkingu og verklega færni. Almenn menntun styrkir þá hæfni einstaklingsins sem talin er nauðsynleg til að viðkomandi geti lifað og unnið í sátt við sjálfan sig, hafi möguleika á að þróast í og með umhverfi sínu og eigi möguleika á að bæta lífsskilyrði sín.

a) Gildi og leiðarljós skólastarfsins

Grunngildi Hraunvallaskóla eru *vinátta, samvinna og ábyrgð*. Saman mynda þau grunn að stefnu skólans og eru leiðarljós í öllu skólastarfi.

Vinátta **Samvinna** **Ábyrgð**

Merki skólans, **fleyið,** er lýsandi fyrir grunngildi skólans: Hvert segl táknar eitt gildi og seglin þrjú standa því fyrir vináttu, samvinnu og ábyrgð sem eru gullnar reglur sem gilda í öllum samskiptum. Fleyið er eins og bros í laginu og er táknrænt fyrir farartæki sem gefur okkur frelsi og jákvæðni til að koma okkur þangað sem við þurfum að fara í lífinu. Með gildin þrjú innanborðs verður ferðalagið okkur farsælt og ánægjulegt. Gyllti liturinn í merki skólans stendur fyrir visku, verðmæti og sól en sá dökkgræni fyrir grósku, vöxt og blíðu.

b) Uppeldis- og kennslufræðileg sýn á skólastarfið

Í Hraunvallaskóla er lögð áhersla á að nemendur hljóti góða alhliða menntun og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Meginmarkmið skólastarfs í Hraunvallaskóla er að efla alhliða þroska barna og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega til þess að þau geti notið bernskunnar og skólagöngunnar í öruggu og uppbyggilegu umhverfi. Leitast er við að veita öllum börnum jafnan rétt til góðrar menntunar við hæfi hvers og eins og efla áhuga og löngun þeirra til frekari menntunar og þroska. Hraunvallaskóli starfar eftir hugmyndafræði opna skólans og er byggingin hönnuð með það í huga. Kennsla er miðuð við að mæta ólíkum þörfum einstaklinga sem setja sér eigin námsmarkmið, læra að skipuleggja nám sitt sjálfir og meta árangur sinn. Í kennsluskipulagi er lögð áhersla á hópavinnu, þemanám, einstaklingsvinnu, þrautalausnir, gagnrýna hugsun og færni nemenda til að afla sér þekkingar og nýta sér upplýsinga- og samskiptatækni í því skyni. Kennarar vinna saman í teymum í kennslustundum og við skipulagningu og undirbúning kennslunnar. Nemendur í sama árgangi eru saman í umsjónarhópi/um með sinn/sína umsjónarkennara og sitt heimasvæði. Leik- og grunnskóli vinna náið saman að skipulögðum verkefnum en segja má að nemendur í Hraunvallaskóla hefji skólagöngu sína við tveggja ára aldur og ljúki henni við sextán ára aldur.

Sérkenni skólans sem móta skólastarf hans og kennsluhætti

i. Í Hraunvallaskóla er unnið eftir hugmyndafræði opna skólans þar sem kennslan tekur mið af ólíkum þörfum einstaklinga.
ii. Í Hraunvallaskóla er áhersla á að allir nemendur fái að þroskast og vaxa sem einstaklingar gegnum skólastarf sem gerir þeim kleift að njóta hæfileika sinna og ná góðum alhliða námsárangri.
iii. Í Hraunvallaskóla er lögð áhersla á að mæta ólíkum þörfum nemenda með fjölbreyttum kennsluháttum, skapandi skólastarfi og jákvæðum skólabrag.
iv. Í Hraunvallaskóla vinna kennarar saman í pörum í kennslustundum og í teymum við skipulagningu og undirbúning.
v. Í Hraunvallaskóla er áhersla á að nemendur nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Sú kennsluaðferð sem lögð er til grundvallar í lestrarkennslu nefnist Byrjendalæsi en unnið er út frá grunni samvirkrar nálgunar. Gengið er út frá því að hlustun, tal, lestur og ritun séu samofnar aðgerðir sem skuli vera samtvinnaðar í læsisnáminu.
vi. Í Hraunvallaskóla er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun gegnum SMT – skólafærni.
vii. Í Hraunvallaskóla er leitast við að vera í góðu samstarfi við heimili nemenda og hafa upplýsingastreymi og aðgengi að starfsmönnum gott.
viii. Í Hraunvallaskóla eru markvisst samstarf leik- og grunnskóla þar sem nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn beggja skólastiga koma saman að hinum ýmsu verkefnum.
ix. Í Hraunvallaskóla er áhersla á vellíðan nemenda og starfsmanna og stuðlað að velferð þeirra og góðri heilsu gegnum verkefnið Heilsueflandi grunnskóli.
x. Í Hraunvallaskóla er leitast við að efla list- og verkgreinakennslu með áherslu á frumkvæði, forvitni, gleði og sköpun.
xi. Í Hraunvallaskóla er lögð áhersla á skólaþróun með það að markmiði að leita ávallt bestu leiða til að mæta mismundandi þörfum nemenda.
xii. Í Hraunvallaskóla er áhersla á nýtingu mannauðs og þekkingar sem býr í starfsmönnum og þátttöku þeirra við að leiða skólastarfið eftir meginmarkmiðum Hraunvallaskóla.

2. Stefna skóla

Vorið 2006 skrifuðu stjórnendur Hraunvallaskóla undir árangursstjórnunarsamning við stjórnendur Hafnarfjarðarbæjar. Stefnukort skólans og mælikvarðar litu dagsins ljós strax haustið 2006 en hafa verið endurskoðaðir reglulega síðan þá. Hér fyrir neðan er stefnukort Hraunvallaskóla.



Útlistun á stefnukorti

ÞJÓNUSTA

Áhersla á:

i. Þekkingu, leikni og hæfni allra nemenda.
ii. Öruggt umhverfi og vellíðan allra nemenda.
iii. Heilbrigða lífshætti og forvarnarstarf.
iv. Jákvætt og virkt samstarf við heimili og grenndarsamfélag.

FJÁRMÁL

Áhersla á:

i. Ábyrga nýtingu fjármuna.
ii. Markvissa áætlanagerð.

VERKLAG

Áhersla á

i. Samstarf og samvinnu starfsmanna.
ii. Fagleg og lýðræðisleg vinnubrögð allra sem í skólanum starfa.
iii. Jákvæða samvinnu og lausnamiðaða hugsun í öllu samstarfi.
iv. Umbætur á grundvelli mats á skólastarfi.
v. Virkt upplýsingaflæði og skilvirkar boðleiðir.
vi. Að starfsmenn séu meðvitaðir um hlutverk sitt, starfsvið og ábyrgð.

MANNAUÐUR

Áhersla á:

i. Að nýta þann auð sem býr í starfsfólki til að leiða og móta skólastarfið.
ii. Samábyrgð og stuðning við starfsmenn.
iii. Framsækni og starfsánægju með hvetjandi og jákvæðu umhverfi.
iv. Skólaþróun og virka símenntun starfsmanna.

Stefna og markmið skólastarfsins varðandi afmarkaða þætti í stefnu skóla:

a. Grunnþættir menntunar

Tilgangur:

„*Að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi.*“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 14).

Sú menntastefna sem birt er í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er reist á sex grunnþáttum menntunar sem voru leiðarljós við námskrárgerðina. Þær stoðir sem grunnþættirnir eru reistir á má finna í löggjöf fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla en einnig er sótt til annarrar löggjafar þar sem finna má ákvæði um menntun og fræðslu í skólakerfinu. Þá er tekið tillit til alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að, svo sem barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnu alþjóðlegra stofnana sem Ísland er aðili að.

Þessir grunnþættir eru:

i. heilbrigði og velferð
ii. jafnrétti
iii. lýðræði og mannréttindi
iv. læsi
v. sjálfbærni
vi. sköpun

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþáttunum er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að meiri samfellu í öllu skólastarfi. Þeir tengjast innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um skólastarfið en hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í öllu skólastarfinu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða.

Hér á eftir eru útlistaðar frekari áherslur grunnþátta menntunar í stefnu Hraunvallaskóla. Hér fléttast saman fræðsla, forvarnir og ferlar sem tengjast við grunnþætti menntunar, í samræmi við starfsviðmið fræðsluþjónustunnar um forvarnir. Sérstakt plagg hefur verið gefið út til leiðbeiningar um hvern grunnþátt.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Í Hraunvallaskóla er stuðlað að skólastarfi sem ýtir undir heilbrigði og velferð nemenda sem byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Áhersla er á að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum. Helstu þættir heilbrigðis sem áhersla er lögð á eru: jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.
Hraunvallaskóli hefur sett sér að starfa eftir fyrirkomulagi heilsueflandi grunnskóla og uppfylla alla þætti verkefnisins eins vel og unnt er. Áhersla er á þátttöku í almenningsverkefnum sem skólanum stendur til boða í sambandi við hreyfingu og heilsurækt. Hraunvallaskóli styðst við SMT skólafærni til að skapa gott andrúmsloft í skólanum og lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni. Unnið er markvisst með gildin þrjú, samvinnu, vináttu og ábyrgð. Í skólanum starfar teymi sem fylgir því eftir að unnið sé eftir þessum áherslum, kemur með hugmyndir, upplýsir og starfar með öðrum í skólanum.

Einstakir stefnuþættir:

- Áhersla á að starfa eftir fyrirkomulagi heilsueflandi grunnskóla í samstarfi við Landlæknisembættið. Í heilsueflandi grunnskóla er sérstök áhersla lögð á eftirfarandi átta þætti skólastarfsins: Nemendur, mataræði/tannheilsa, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfing/öryggi, lífsstíll og starfsfólk.
- Áhersla á jákvæða skólafærni gegnum SMT og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfa félagsfærni.
- Áhersla á hreyfiuppeldi og leggja grunn að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar.
- Áhersla á að skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar t.d. með þátttöku í heilsueflandi verkefnum líkt og Lífshlaupinu, Norræna skólahlaupinu, Göngum/hjólað í vinnuna og með daglegri útivist, leik vikunnar auk þess að kenna íþróttir, sund og dans samkvæmt stundaskrá.
- Áhersla á að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali og að nemendur komi með hollt og gott nesti. Ýtt undir grænmetis- og ávaxtaneyslu. Hafragrautur stendur nemendum á elsta stigi til boða á morgnana.
- Áhersla á gott skólamötuneyti sem býður upp á hollan og næringarríkan mat.
- Áhersla á heilsutengdar forvarnir með markvissri kennslu þar sem tekið er á þáttum líkt og kvíða, matarræði, svefni, tannvernd, kynfræðslu, forvörnum gegn tóbaki og vímuefnum, og stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd nemenda og skilningi á tilfinningum, bæði sínum eigin og annarra.
- Áhersla á samvinnu um forvarnarstarf við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins gegnum verkefnið 6H heilsunnar.
- Áhersla á öflugt félagsstarf og samstarf við félagsmiðstöðina Mosann.
- Áhersla á að gefa áhugasviði nemenda rými í skólastarfinu, bæði í gegnum almennar kennslugreinar og valgreinar. Þannig fá nemendur tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum og áhuga og byggja upp jákvæða sjálfsmynd.
- Áhersla á traust og gott samband kennara og nemenda og nemendasamtöl sem stuðla að yfirsýn og samvinnu kennara og nemanda um nám hans.
- Áhersla á kennslu sem hjálpar nemendum að öðlast skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan.
- Áhersla á að styðja og fræða nemendur svo þeir geti tekið upplýstar og ábyrgar ákvarðanir í tengslum við eigið heilbrigði.
- Áhersla á að starfsfólk leggi sig fram um að vera góðar fyrirmyndir um heilbrigðan lífsstíl.

JAFNRÉTTI

Í Hraunvallaskóla er stuðlað að skólastarfi sem starfar eftir lögum um jafnrétti og að bæði nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og geti tekið fullan þátt í starfinu án tillits til kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kynhneigðar eða nokkurs annars sem gæti mismunað fólki. Leitast er við að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis. Lögð er áhersla á að allir taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Slík jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Jafnréttismenntun í Hraunvallaskóla vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis.
Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er hugtakið jafnrétti skilgreint sem regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, þjóðerni og ætterni.

Einstakir stefnuþættir:

xiv. Áhersla á að allir í skólasamfélaginu taki virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis í öllu skólastarfi.
xv. Áhersla á skólastarf sem starfar eftir lögum um jafnrétti.
xvi. Áhersla á að nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum og geti tekið fullan þátt í starfinu án tillits til kynþáttar, trúarbragða, fötlunar, kynhneigðar eða nokkurs annars sem gæti mismunað fólki.
xvii. Áhersla á að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.
xviii. Áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
xix. Áhersla á að drengir og stúlkur eigi sem víðtækasta og jafnasta möguleika í öllu skólastarfi.
xx. Áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólastarfinu.
xxi. Áhersla á nám um kyn og kynhneigð.
xxii. Áhersla á nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir.
xxiii. Áhersla á fræðslu og skilning á þróun Íslands sem fjölmenningarsamfélags.
xxiv. Áhersla á félagslegan skilning á því hvað felst í fötlun.

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Í Hraunvallaskóla er lögð áhersla á skólastarf sem skapar samábyrgt og sjálfbært samfélag. Lýðræðis- og mannréttindamenntun í Hraunvallaskóla byggist á gagnrýnni hugsun og ígrundun um grunngildi samfélagsins og að gera nemendur færa í að móta samfélag sitt og hafa áhrif á það. Í skólastarfinu er tekið mið af því að nemendur munu í framtíðinni taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að þeir læri um þess háttar samfélög. Einnig er tekið mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.
Þannig er í öllu starfi Hraunvallaskóla tekið mið af jöfnum rétti allra án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, litarháttar, uppruna, aldurs, starfsstéttar, fötlunar eða annarra þátta. Allir eiga að geta látið ljós sitt skína út frá eigin forsendum og hafa jöfn tækifæri til að vaxa og dafna. Nemendum er kennt um gildi skólans, um skyldur sínar gagnvart námi, framkomu við aðra og samfélaginu í heild, en einnig um réttindi sín varðandi velferð og líðan. Í Hraunvallaskóla er staðið vörð um rétt einstaklingsins til að vera eins og hann er sjálfur. Það birtist ekki síst í gildum skólans vináttu - samvinnu – ábyrgð.
Einstakir stefnuþættir:

v. Áhersla á skólastarf sem ýtir undir samábyrgt og sjálfbært samfélag.
vi. Áhersla á gagnrýna hugsun nemenda og að gera þá færa í að móta samfélag sitt og hafa áhrif á það.
vii. Áhersla á virðingu fyrir manngildi hvers og eins.
viii. Áhersla á rétt einstaklingsins til að vera eins og hann er sjálfur.
ix. Áhersla á skyldur nemenda gagnvart námi, framkomu við aðra og samfélaginu í heild.
x. Áhersla á fræðslu um réttindi og velferð barna.
xi. Áhersla á að nemendur geti haft áhrif á eigið nám og námsefni.
xii. Áhersla á að nemendur fái að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á mótun skólastarfsins í gegnum bekkjarfundi, bekkjarsáttmála, þátttöku í nefndum, teymum og ráðum í skólastarfinu.
xiii. Áhersla á virkt samstarf við heimili nemenda.
xiv. Áhersla á virkt samstarf við æskulýðs- og íþróttastarf í hverfinu og grenndarsamfélag.

LÆSI

Í Hraunvallaskóla er lögð áhersla á að læsi nemenda feli í sér að rækta hæfileika til þess að eiga samskipti og afla sér upplýsinga á mismunandi hátt, vinna úr þeim, nýta sér og miðla þeim frá sér á merkingabæran hátt. Í Hraunvallaskóla birtist læsi nemenda í samvinnu og samskiptum nemenda þegar tekist er á við fjölbreytt og margvísleg verkefni sem fylgja skólastarfinu. Það endurspeglar þekkingu, skilning, túlkun og upplifun af námi og kennslu. Læsi tengir saman úrvinnslu þekkingar við eigin reynsluheim og er metið eftir aldri og þroska. Læsi lærist því jafnt í gegnum mannleg samskipti og daglegar athafnir sem og í gegnum skipulagða kennslu.

Læsi er félagslegt kerfi sem byggir á sameiginlegri þekkingu og reynslu manna. Læsi er í stöðugri þróun og háð þjóðfélagsbreytingum og tækniþróun og er mismunandi eftir áhugamálum og menningarheimum. Læsi reynir á hæfni einstaklings til að meðtaka það sem fyrir augu eða eyru ber og felur í sér kunnáttu til að finna hugmyndum og skoðunum farveg eða koma þeim frá sér á einhvern hátt, t.d. gegnum ólíka miðla, mælt eða ritað mál en stór hluti læsis felst í skilningi á rituðu og töluðu máli.

Einstakir stefnuþættir:

iii. Áhersla á að nemendur öðlist hæfni í læsi í víðum skilningi og að unnið sé á fjölbreyttan hátt með viðfangsefni gegnum hin ýmsu táknkerfi.
iv. Áhersla á að nemendur séu færir um að tjá skoðanir sínar og hugmyndir á sem fjölbreyttastan hátt.
v. Áhersla á að nemendur fái tækifæri til að afla sér upplýsinga á mismunandi vegu gegnum ólíka miðla.
vi. Áhersla á félagsfærni með þjálfun í félagslegu læsi með markvissri samvinnu og samskiptum nemenda í leik og starfi.
vii. Áhersla á að nemendur séu læsir á tilfinningar sínar og annarra.
viii. Áhersla á að nemendur séu læsir á umhverfi sitt og geti lagt mat á hvað sé viðeigandi við mismunandi aðstæður hverju sinni.
ix. Áhersla á að nemendur séu færir í að lesa í ólíka menningu og menningarheima
x. Áhersla á að nemendur séu læsir á tungmál stærðfræðinnar og geti beitt því af öryggi í daglegu lífi.
xi. Áhersla á heildstæða nálgun í lestrarkennslu frá 1.-10. bekk gegnum lestrarstefnu Hraunvallaskóla.
xii. Áhersla á markvissa kennslu aðferða í lestrarkennslu sem styðja við lesskilning og fjölbreytta ritun.
xiii. Áhersla á lestrarkennslu gegnum Byrjendalæsi þar sem lestur, ritun, tal og hlustun eru samofnir þættir og unnið er með þá á heildstæðan hátt.
xiv. Áhersla á samvinnu nemenda í lestrarnámi gegnum PALS
xv. Áhersla á merkingabær viðfangsefni sem byggja á gæðatexta.
xvi. Áhersla á að ýta undir lestraáhuga nemenda og að þeir geti lesið sér til ánægju.
xvii. Áhersla á samstarf við heimili um lestrarnám og þjálfun nemenda.
xviii. Áhersla á markvisst mat og viðbrögð sem miða að bættum árangri.

SJÁLFBÆRNI

Í Hraunvallaskóla miðar menntun til sjálfbærni að því að gera nemendum kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er greint frá því að algengur skilningur á hugtökunum sjálfbærni og sjálfbærri þróun feli í sér að við skilum umhverfinu ekki í verra ástandi til afkomendanna en við tókum við því. Þannig sé leitast við að mæta þörfum samtíðar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Einnig er stuðst við þá skilgreiningu að sjálfbærni sé jafnvægisástand og sjálfbær þróun sé breytingarferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi, eða minni einingu, og færa það til sjálfbærni. Munur á hefðbundinni skilgreiningu og skilgreiningunni í Aðalnámskrá er fremur áherslumunur en merkingarmunur. Þessi áherslumunur hefur þá þýðingu í skólastarfi að leggja má áherslu á að margt smátt gerir eitt stórt, ekki þarf að bíða eftir stóru breytingunum til að geta fagnað þeim smærri.

Í Hraunvallaskóla er lögð áhersla á að skapa og nýta þekkingu til stuðnings sjálfbærri þróun, skapa virðingu fyrir náttúru og manneskjum og efla ábyrgð á sameiginlegri framtíð okkar. Það er gert með því að kenna nemendum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu í orði og á borði. Nemendur taka þátt í að halda sínu nærumhverfi hreinu og er kennt að ganga vel um skólann sinn og virða eigur sínar og annarra. Vinna með sjálfbærni í Hraunvallaskóla birtist líka í áherslu á endurvinnslu og flokkun og að stuðla að því viðhorfi að við eigum að skila jörðinni af okkur heldur betri en við tókum við henni. Mikilvægt er að byggja upp og efla þekkingu nemenda gegnum lýðræðisleg vinnubrögð, samvinnu og félagslegri þátttöku alls skólasamfélagsins, þ.e. nemenda, foreldra og starfsmanna í samvinnu við grenndarsamfélagið.

Einstakir stefnuþættir:

v. Áhersla á að skapa og nýta þekkingu til stuðnings sjálfbærri þróun.
vi. Áhersla á að skapa virðingu fyrir náttúru og manneskjum.
vii. Áhersla á að efla ábyrgð á sameiginlegri framtíð okkar sem göngum um jörðina.
viii. Áhersla á endurvinnslu og flokkun á rusli.
ix. Áhersla á góða umgengni og umhirðu innan og utan skólans og nærumhverfis.
x. Áhersla á að föt og aðrar eigur nemenda skili sér ávallt heim.
xi. Áhersla á að nota fjölnotaumbúðir.
xii. Áhersla á að matseðill sé í samræmi við sjálfbærni.
xiii. Áhersla á umræðu og rökræður um umhverfisvernd nær sem fjær.
xiv. Áhersla á vettvangsferðir og þátttöku í alþjóðlegum samfélagsverkefnum s.s. jól í skókassa.
xv. Áhersla á að kenna neytendafræðslu og fjármálalæsi.
xvi. Áhersla á ábyrgð nemenda á umhverfi sínu og auðlindum.
xvii. Áhersla á samstarf og samábyrgð nemenda, foreldra og starfsfólks skóla til að koma í veg fyrir sóun og vanvirðingu á umhverfi okkar.
xviii. Áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, samvinnu og félagslega þátttöku alls skólasamfélagsins í menntun til sjálfbærni.

SKÖPUN

Í Hraunvallaskóla er stuðlað að skapandi skólastarfi og að nemendur fái svigrúm til þess að finna eigin leiðir að markmiðum sínum. Áhersla er á að nemendur fái að njóta sín á eigin forsendum þannig að eiginleikar hvers og eins fái að njóta sín. Í skapandi skólastarfi er mikilvægt að námsumhverfi sé hvetjandi og að ýtt sé undir gagnrýna hugsun og aðferðir sem opna sífellt nýja möguleika. Kennsluhættir þurfa að vera fjölbreyttir og nemendur þurfa að hafa val um lausn verkefna. Þannig fá nemendur að finna styrkleika sína og rækta hæfileika sína. Kennari þarf að gefa sér tíma til að hlusta á nemendur og nýta það sem þeir hafa fram að færa. Vera óhræddur við að gefa færi á mismundandi leiðum að viðfangsefninu þannig að sýn hvers og eins nemanda á viðfangsefnið fái að koma fram. Sköpun í skólastarfi felst því í að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleikana hverju sinni.
Skapandi skólastarf í Hraunvallaskóla birtist á margan máta því skólastarf á opnum svæðum gefur gott tækifæri til sköpunar og samstarfs milli nemenda og kennara. Áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám í daglegu starfi hvetur til skapandi vinnu innan allra námsgreina í skólanum. Kennarar leggja verkefni gjarnan þannig upp að nemendur hafi val um úrvinnslu, geti t.d. unnið gegnum leik eða söng og sýni öðrum afraksturinn. Í 1.-3. bekk er kennt samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis sem býður upp á fjölbreytta og skapandi vinnu sem er samþætt við bóklegt nám. List- og verkgreinar fara fram í fjölbreyttum smiðjum þar sem nemendur eru hvattir til að útfæra úrlausn verkefna eftir eigin ímyndunarafli. Í skólanum eru samverustundir á sal þar sem nemendur fá tækifæri til að koma list sinni á framfæri og efla færni sína við flutning verkefna. Í þemavikum er vikið frá hefðbundnu skólastarfi og „andinn“ látinn ráða för. Félagsstarf í skólanum er einnig öflugur vettvangur fyrir nemendur til að tjá sig og efla færni á ólíkum sviðum.
Í Hraunvallskóla er talið mikilvægt að nemendur hafi val um úrlausn verkefna. Hver og einn nemandi á að fá að vera hann sjálfur og blómstra á sínum forsendum. Mikilvægt er að mata ekki nemandann heldur reyna fremur að leiðbeina honum við að finna sínar eigin leiðir í nálgun viðfangsefnisins. Því er mikilvægt að fara ávallt fjölbreyttar leiðir að viðfangsefninu þannig að sköpun sé samtvinnuð öllu skólastarfi.

Einstakir stefnuþættir:

vii. Áhersla á skapandi skólastarf og að nemendur fái svigrúm til þess að finna eigin leiðir að markmiðum sínum.
viii. Áhersla á að nemendur fái að njóta sín á eigin forsendum þannig að þeir rækti styrkleika sína og hæfileika.
ix. Áhersla á að nemendur fái að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleikana hverju sinni.
x. Áhersla á að nýta möguleika skólastarfs á opnum kennslusvæðu til sköpunar og samstarfs milli nemenda og teymisvinnu kennara.
xi. Áhersla á fjölbreytta og skapandi vinnu gegnum Byrjendalæsi.
xii. Áhersla á að nemendur búi til og æfi atriði og sýna öðrum nemendum á samverustundum.
xiii. Áhersla á list- og verkgreinakennslu þar sem reynir á frumkvæði, forvitni, gleði og sköpun í samvinnu við starfsmenn og nemendur.
xiv. Áhersla á fjölbreytt og skapandi verkefni gegnum þemanám og þemavikur.
xv. Áhersla á að félagsstarf í skólanum sé öflugur vettvangur fyrir nemendur til að tjá sig og efla færni á ólíkum sviðum.

b. Símenntun, þróunarstarf og innra mat skóla

Tilgangur:

> *Að stuðla að skólaþróun og færa skólanum aðferðir og tæki til að meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti* (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 59).

Í Hraunvallaskóla er skólastarf í sífelldri mótun. Ný þekking á sviði uppeldis og menntunar, breyttar þjóðfélagsaðstæður og tækninýjungar kalla á endurskoðun skólastarfsins og knýja á um breytingar svo nám nemenda sé í takt við tímann og búi nemendur sem best undir framtíðina. Skólastarf í Hraunvallaskóla einkennist því af ríkri umbótaviðleitni þeirra sem þar starfa með hag nemenda að leiðarljósi. Því er mikilvægt að símenntun starfsmanna, þróunarstarf og innra mat skólans sé samtengt og samofið daglegu starfi skólans og stuðli að auknum gæðum í starfinu. Þannig eru niðurstöður innra mats nýttar til umbóta og þróunarstarfs og símenntun starfsmanna tekur mið af þeim. Skólastjórnendur og kennarar bera sameiginlega ábyrgð á því að skólastarf sé í stöðugri endurskoðun og að skipuleg, markviss og stöðug viðleitni til umbóta sé í skólanum.

Símenntun:
Ný þekking er ein uppspretta umbótastarfs. Mikilvægt er að starfsmenn séu virkir í sinni símenntun því þannig má frekar ná markmiðum skólastarfsins og stuðla að nútímaskólastarfi. Meginmarkmið símenntunar- og skólaþróunaráætlunar Hraunvallaskóla er að vinna að því að bæta hæfni skólans til að sinna verkefnum sínum í samræmi við opinbert regluverk (lög, reglugerðir, reglur og önnur fyrirmæli), styrkja staðbundið skipulag og vinna að góðri aðlögun stofnunar að síbreytilegum þjóðfélagsaðstæðum.
Einstakir stefnuþættir:

I. Að starfsmenn hafi aðgang að skipulagðri endurmenntun til að auka og viðhalda hæfni, þekkingu og starfsgleði sinni, jafnframt því sem hún þjóni hagsmunum stofnunarinnar sem heildar.
II. Að starfsmenn séu virkir í símenntun og tileinki sér jákvætt viðhorf til starfsþróunar.
III. Að umbótastarf verði hluti af daglegum starfsháttum skólans.
IV. Að símenntun taki tillit til þarfa nemenda og starfsmanna.
V. Að vinna árlega símenntuaráætlun sem tekur mið af niðurstöðum innra mats og þróunarstarfi hverju sinni.

Þróunarstarf:
Í Hraunvallaskóla er áhersla á þróunarstarf. Í gegnum árin hafa fjölmörg verkefni verið unnin sem stuðla að nýbreytni og bættu skólastarfi. Mörg þessara verkefna eru órjúfanlegur hluti af starfi skólans. Hraunvallaskóli fékk viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar árið 2010 fyrir þróunarverkefni um samstarf grunn- og leikskóla.
Árið 2015 fékk skólinn viðurkenningu fræðsluráðs fyrir nýbreytni og þróunarstarf á unglingastigi.

Einstakir stefnuþættir:

- Að skólaþróun sé samvinnuverkefni starfsmanna, foreldra og nemenda og vinnulag þróunarverkefna taki mið af því.
- Að skólaþróun stuðli ávallt að vellíðan og bættum árangri.
- Að skólaþróun sé ávallt í samræmi við stefnu og áherslur skólans.
- Að skólaþróun sé mikilvægur hluti af daglegu skólastarfi.
- Að starfsmenn tileinki sér jákvætt viðhorf til skólaþróunar.
- Að skólaþróun sé í samræmi við skólastefnu Hafnarfjarðar, grunnskólalög og Aðalnámskrá grunnskóla.

Innra mat:
Sjálfsmat hefur verið framkvæmt í Hraunvallaskóla frá upphafi. Sjálfsmatið hefur ekki verið byggt á ákveðnu sjálfsmatskerfi heldur hefur sjálfsmatsteymi verið starfandi í skólanum. Teymið hefur sett niður áætlun um sjálfsmat, unnið spurningalista og framkvæmt kannanir byggðar á þeim. Haustið 2013 varð Hraunvallaskóli þátttakandi í Skólapúlsinum sem er veftækt kerfi sem miðar að upplýsingaöflun meðal nemenda, foreldra og starfsfólks í formi kannana sem gerðar eru eftir samræmdu ferli fyrir allt landið.

Á grundvelli upplýsingaöflunar í Skólapúlsinum geta skólar séð niðurstöður sínar í samanburði við meðaltal annarra þátttakenda (skóla) í Skólapúlsinum.

Einstakir stefnuþættir:

- Að innra mat sé samofið daglegu skólastarfi.
- Að innra mat efli þekkingu, hæfni og ígrundun starfsmanna á starfi sínu og skólastarfinu í heild.
- Að innra mat auki vitund starfsfólks um ábyrgð og skyldur.
- Að innra mat endurspegli lýðræðisleg vinnubrögð þar sem tekið er tillit til sjónarmiða allra þeirra sem koma að skólastarfinu.
- Að innra mat stuðli að auknum gæðum í skólastarfinu.
- Að niðurstöður innra mats séu nýttar til umbóta í skólastarfinu.

c. Foreldrasamstarf, upplýsingamiðlun og mótun skólasamfélags

Tilgangur:

Að skólasamfélag (starfsfólk, nemendur, foreldrar) hvers skóla vinni vel saman að mótun skólastarfsins og þeirra umgengishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 71).

Í Hraunvallaskóla er lögð áhersla á að menntun og velferð nemenda sé sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið er því mikilvægur og órjúfanlegur þáttur af daglegu skólastarfi. Í þessu samstarfi þurfa báðir aðilar að leggja sig fram við að sína hvor öðrum gagnkvæma virðingu og traust. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að skólastjórnendur og umsjónarkennarar beri meginábyrgð á að halda uppi virku samstarfi með aðstoð annarra kennara. Þeir skulu kappkosta að skapa tækifæri til að auka hlutdeild foreldra í skólastarfi og stuðla að virku samstarfi á jafnréttisgrundvelli. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf um hvern einstakling og að bæði heimili og skóli séu vettvangur menntunar.

Í Hraunvallaskóla er lögð áhersla á að rækta samstarf heimila og skóla og tryggja að foreldrar eigi greiðan aðgang að skólanum og öfugt. Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna og gæti hagsmuna þeirra í hvívetna. Jafnframt að þeir eigi gott samstarf við skóla, veiti skólanum viðeigandi upplýsingar og taki þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla. Hafa ber í huga að foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn býður og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri.
Í Hraunvallaskóla er áhersla á gagnkvæma og virka upplýsingamiðlun milli heimilis og skóla og stuðlað að auknum kynnum foreldra af skólastarfinu. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar þeim að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem lúta að velferð nemenda. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám og kennslu sé mikilvæg forsenda fyrir árangursríku skólastarfi. Skólar beri ábyrgð á að slíkt samstarf komist á og því sé viðhaldið alla skólagöngu barnsins. Virk hlutdeild og þátttaka foreldra í námi og starfi barna sinna er forsenda þess að foreldrar geti axlað þá ábyrgð sem þeir bera á farsælu uppeldi og menntun barna sinna.
Skólasamfélagið í Hraunvallaskóla er myndað af starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum þeirra. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Í Hraunvallaskóla er gert ráð fyrir að foreldrar taki þátt í mótun skólasamfélagsins og vinni að því með stjórnendum skólans, kennurum og öðrum starfsmönnum að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd og taki höndum saman til að tryggja sem best uppeldisskilyrði barna og almenna velferð þeirra. Með sameiginlegri sýn heimilis og skóla á meginviðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag og áhersluatriði í skólastefnu er byggt upp traust og gott samstarf um skólastarfið í heild.

Einstakir stefnuþættir:

- Áhersla á hlutdeild foreldra í skólastarfi og stuðlað að virku samstarfi á jafnréttisgrundvelli.
- Áhersla á gagnkvæma virðingu og traust í samskiptum heimila og skóla.
- Áhersla á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og að heimili og skóli séu vettvangur menntunar.
- Áhersla á virka upplýsingagjöf milli heimila og skóla og samráð kennara og foreldra um nám nemenda.
- Áhersla á virka upplýsingamiðlun til foreldra með reglulegum upplýsingabréfum umsjónarkennara, notkun Mentors, tölvupósts, heimasíðu, fréttabréfs skólans, skólakynningum að hausti og reglulegum samtalsdögum.
- Áhersla á sameiginlega sýn heimilis og skóla á meginviðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag og áhersluatriði í skólastefnu.
- Áhersla á samstarf og stuðning við foreldrafélag Hraunvallaskóla og þátttöku foreldra í foreldrastarfi.
- Áhersla á samstarf foreldra í einstökum bekkjardeildum, námshópum og árgöngum, bæði um nám, félags- og tómstundastarf, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans.
- Áhersla á samráðsvettvang skólastjóra og skólasamfélags um skólahald gegnum skólaráð.

d. Samstarf og tengsl skólastiga og tengsl við nærumhverfið

Tilgangur:

Að stuðla að sem bestu samstarfi um að svigrúm, sveigjanleiki og samfella sé í námi á milli skólastiga og í upplýsingamiðlun á skilum skólastiga (sbr. aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 72).

Meðal meginatriða nýrrar menntastefnu, sem mótuð var með gildistöku laga um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2008, var að auka svigrúm, sveigjanleika og samfellu á milli skólastiga og innan hvers skólastigs. Lögð er áhersla á að grunnskólinn komi betur til móts við ólíkar þarfir barna en það kallar á aukið svigrúm í skipulagi náms, þ.m.t. námslengd og skil milli skólastiga. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir að helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga séu að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissri uppbyggingu náms. Einnig er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

Hraunvallaskóli er grunn- og leikskóli og samstarf milli skólastiganna er mikið. Segja má að nemendur hefji skólagöngu sína við tveggja ára aldur og ljúki henni við sextán ára aldur. Hraunvallaskóli fékk viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar árið 2010 fyrir þróunarverkefni um samstarf grunn- og leikskóla. Afrakstur þróunarverkefnisins birtist á margan hátt í daglegu skólastarfi og leitað er leiða til að styrkja böndin milli grunn- og leikskólans með því að styðja og bæta það starf sem þar er unnið. Lögð er áhersla á samstarf og samvinnu leik- og grunnskólabarna þar sem nám og reynsla af báðum skólastigum nýtist sem best. Farsæll flutningur barna úr leikskóla í grunnskóla felur þannig í sér undirbúning og aðlögun og því er mikilvægt að leikskólabörn fái að kynnast skólastarfinu á meðan þau eru enn í leikskóla. Til að tryggja farsælan flutning milli skólastiga er mikilvægt að upplýsingar um hvert barn berist til grunnskólans. Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna og miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra en einnig er mikilvægt að upplýsingar frá leikskóla berist með formlegum hætti yfir til grunnskólans.

Í Hraunvallaskóla er lagt upp með að nemendur fái trausta náms- og starfsráðgjöf sem auðveldar þeim að velja nám við hæfi að loknu námi í grunnskóla. Mikilvægt er að nemendur fái traustar upplýsingar um framhaldsskólastigið í heild og einstaka skóla. Lögð er áhersla á að koma á virku samstarf milli grunn-

og framhaldsskóla og að nemendur fái tækifæri til að stunda nám í framhaldskóla samhliða grunnskólanámi enda hafi þeir sýnt til þess fullnægjandi hæfni. Þannig er nemendum heimilt að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi að loknu grunnskólanámi í viðkomandi greinum. Það er á ábyrgð sveitarfélags að koma á samstarfi grunn- og framhaldsskóla. Það samstarf er sameiginleg ábyrgð skólastjóra grunnskóla og skólameistara framhaldsskóla. Í samstarfinu felst ábyrgð á upplýsingagjöf milli skóla til nemenda og foreldra um nám á framhaldsskólastigi og hvernig samstarfi verði sem best háttað.

Í Hraunvallaskóla er stefnt að því að byggja upp virk tengsl við nærsamfélag og stuðla að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir í nágrenni skólans. Þetta er mikilvægt til að auka fjölbreytni í námi, t.d. í valgreinum á unglingastigi og til þess að tengja nám nemenda veruleikanum í nærumhverfi þeirra svo það verði merkingarbærara. Þessi tenging snýr t.d. að umhverfi, menningu, listum, íþróttum, félags- og tómstundastarfi og atvinnulífi. Það er því mikilvægt að virk og góð tengsl séu milli samfélagsins og skólans þar sem gagnkvæm virðing ríkir gagnvart þörfum og skyldum allra aðila.

Einstakir stefnuþættir:

- Áhersla á að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissri uppbyggingu náms
- Áhersla á að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara og námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga
- Áhersla á samstarf og samvinnu leik- og grunnskólabarna þar sem nám og reynsla af báðum skólastigum nýtist sem best
- Áhersla á farsælan flutning barna úr leikskóla í grunnskóla með undirbúningi og aðlögun og að leikskólabörn fái að kynnast skólastarfinu á meðan þau eru enn í leikskóla.
- Áhersla á virka upplýsingamiðlun um börn og leikskólagöngu þeirra og að upplýsingar frá leikskóla berist með formlegum hætti yfir til grunnskólans.
- Áhersla á að nemendur fái trausta náms- og starfsráðgjöf sem auðveldar þeim að velja nám við hæfi að loku námi í grunnskóla.
- Áhersla á að nemendur fái traustar upplýsingar um framhaldsskólastigið í heild og einstaka skóla.
- Áhersla á að koma á virku samstarfi milli grunn- og framhaldsskóla og að nemendur fái tækifæri til að stunda nám í framhaldskóla samhliða grunnskólanámi.
- Áhersla á að byggja upp virk tengsl við nærsamfélag og stuðla að jákvæðum samskiptum og samstarfi við einstaklinga, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir í nágrenni skólans.
- Áhersla á virk og góð tengsl milli samfélagsins og skólans þar sem gagnkvæm virðing ríkir fyrir þörfum og skyldum allra aðila.

II. Skólastarf 6. bekkjar

Nemendahópurinn er einn stór hópur sem skipt er í tvennt með tveimur umsjónarkennurum í hvorum hópi. Stundaskráin er samansett af vinnu á heimasvæði í námsgreinum; íslenska, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði, enska og danska. Einnig eru íþóttir, sund, og smiðjur kenndar (þ.e. myndmennt, upplýsingatækni,tónmennt, leiklist, heimilisfræði, textílmennt, smíði og hönnun). Viðhafðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta þörfum nemenda og er ýmist unnið einstaklingslega, í paravinnu, í hópum, í gegnum leiki, umræður, ritun o.s.frv. Sérkennarar koma inn í íslensku og stærðfræði.
Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi. Foreldrar fá sendar upplýsingar vikulega um starfið og grófa áætlun fyrir komandi viku. Nemendur fá tækifæri að vinna alla sína áætlun á skólatíma ásamt tilfallandi heimavinnu. Mikil áhersla er lögð á daglegan heimalestur og hvatt er til aukins lesturs.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

II.1. Samantekt kennslu í 6. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	6
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska og önnur Norðurlandamál	2 2
3. List- og verkgreinar	*A Listgreinar:* 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt *B Verkgreinar:* 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	6
4. Náttúrugreinar	4.1. Líffræði 4.2. Jarð- og stjörnufræði 4.3. Umhverfismennt	4
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar	6.1. Trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	4
7. Stærðfræði	7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur og algebra 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	6
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	1
Alls		34

II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 6. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	Það er unnið með *heilbrigði og velferð* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:
	• Stuðla að jákvæðum skólabrag - SMT – Dyggðirnar.
	• Hefðirnar sem hafa skapast.
	• Stuðlum að uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar og góðum samskiptum.
	• Kennslan er miðuð við að mæta ólíkum þörfum einstaklingsins.
	• Nemendur temja sér góða umgengni og bera ábyrgð á eigum skólans.
	• Nemendur fá rými til að nýta hæfileika sína t.d. með samveru á sal og uppákomum í árganginum.
	• Alla daga er unnið með félagsfærni og samskipti nemenda.
	• Hreyfing - dans, leikir, íþróttir
	• Jákvæð sjálfsmynd – umræður, sögur, leikir, samtöl.
	• Næring – hvetjum nemendur til að koma með hollt nesti og ræðum um mikilvægi þess að borða hollt og fjölbreytt.
	  ○ Andleg vellíðan og góð samskipti –
	  ○ Nemendur læri að leysa ágreining og vinni strax úr málunum.
	  ○ Eflum samkennd nemenda.
	  ○ Öryggi
	  ○ Unnið með tilfinningar.
	• Styrkleikar hvers og eins – eflum með smiðjum, hæfileikakeppni, áhugasviði og öðru slíku.

JAFNRÉTTI:	Það er unnið með *jafnrétti* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: • Að nemendur fái að rækta hæfileika sína í skólastarfinu, óháð kyni eða kynþætti. • Vinnum eftir stefnunni skóli án aðgreiningar • Nýtum trúarbragðafræði og lífsleikni í umræður um að virða skoðanir hvers annars og að allir fái að vera eins og þeir eru án fordóma. • Við leggjum áherslu á að allir fái að njóta sín óháð kynferði • Leggjum mikla áherslu á að allir geti verið með öllum. • Vinnum að því að allir beri virðingu fyrir því að við erum ólík og ölumst ekki öll upp á sama hátt og við sömu lífsgæði. • Allir geta eitthvað en enginn getur allt.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	Það er unnið með *lýðræði og mannréttindi* í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: • Notum lýðræðislegar kosningar um ýmis málefni. • Allir eiga jafnan rétt innan hópsins • Nemendur taka ábyrgð á eigin námi, eins og að klára vikuáætlun. • Ýmis siðferðileg mál rædd og afstaða til þeirra tekin • Við stuðlum að lýðræði og mannréttindum t.d. með því að bera virðingu fyrir eigum okkar jafn og annara, umhverfinu okkar o.fl.

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
LÆSI:	Það er unnið með *læsi* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: • Vinnum að læsi í fleiri en einum skilningi, þ.e. læsi, félagslæsi, tilfinningalæsi, læsi í aðstæður og umhverfi o.fl. • Eftir að lesturinn er kominn er unnið með lesskilning á mismunandi textum. • Upplýsingaöflun með notkun mismunandi miðla. • Vinnum með orðaforða, merkingu þeirra og notkun. Hvenær er við hæfi að nota viss orð og raddblæ. • Stuðlum að læsi með yndislestri, samlestri og sögugerð.
SJÁLFBÆRNI:	Það er unnið með *sjálfbærni* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: • Flokkun á sorpi • Að nemendur séu meðvitaðir um gjörðir sínar og áhrif þeirra á umhverfið. • Sorphirða • Endurnýta allt sem hægt er og minnka pappírsnotkun • Ýtum undir fjölnota umbúðir • Kennum þeim að virða og þekkja náttúruna. • Stuðlum að því að hver einstaklingur þroskist sem virkur borgari meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum. • Þegar við vinnum með sjálfbærni reynum við að hafa alla þessa þætti í huga: efnahagur, umhverfi og félagsleg velferð.
SKÖPUN:	Það er unnið með *sköpun* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: • Erum með fjölbreytt og skapandi skólastarf • Fjölbreyttir kennsluhættir. • Nemendur semja ýmis atriði út frá eigin áhuga. • Notum ýmsa námsleiki. • Nemendur uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. • Við ýtum undir sköpun með smiðjum, dönsum, leikjum. • Við styðjum við styrk nemenda en hvetjum þau til að fara út fyrir þægindarammann og prófa eitthvað nýtt. • Bjóðum upp á sögugerð, teikningar og ýmis föndurefni.

II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 6. bekk

Í 6. bekk í Hraunvallaskóla eru 93 nemendur, fjórir umsjónarkennarar, tveir sérkennarar, einn þroskaþjálfi, þrír stuðningsfulltrúar, þrír íþróttakennarar, tveir sundkennarar og sjö list- og verkgreinakennarar.

i. Kennsluaðstæður

6. bekkur er með eitt heimasvæði sem er skipt í tvær einingar. Heimakrókar eru tveir og eru í sitthvorri einingunni. Á heimasvæðinu eru þrjú glerherbergi sem kennarar nota við kennslu. 4 kennarar eru með árganginn og vinna saman í teymi. Teymið vinnur saman að kennsluáætlun og öðru skipulagi. Hver kennari er með sinn umsjónarhóp en tveir kennarar vinna saman með tvo umsjónarhópa í kennslu og vinna einnig saman að öllum undirbúningi að kennslu. Sérkennarar koma 9 tíma hvor á viku sem teymið vinnur saman með skiptingu á og fyrirkomulagi. Í vetur verður unnið að innleiðingu spjaldölva sem eitt af kennslutækjum.

ii. Kennsluáætlanir

Í 6. bekk er lögð áhersla á fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir. Helstu aðferðir eru áætlunarvinna, þema, hringekja og stöðvavinna. Í kennslu er lögð áhersla á kennslumarkmið og því er oft kennsla með fyrrgreindum kennsluaðferðum verkefnamiðaðar og unnið með sköpun og hlutbundna vinnu. Kennslubækur eru notaðar til að styðja þau kennslu- og námsmarkmið sem unnið er með hverju sinni.
Áætlunarvinna; Nemendur fá áætlun fyrir hvert fag. Áætlun er aðlöguð nemendum þannig að hver nemandi getur klárað áætlun ef hann nýtir tímann vel. Ef nemandi klárar ekki áætlun skal hann fara heim með hana á föstudegi og klára.
Þema; Samfélagsfræði og náttúrufræði er kennd í þema. Reglulega er öllum árgangnum skipt upp í hópa til að vinna að þemaverkefni í fyrrnefndnum greinum en með samþættingu við aðrar námsgreinar s.s. íslensku, stærðfræði og lífsleikni.
Hringekja; Árgangnum skipt upp í hópa og hver hópur fer á milli kennara eftir ákveðnu skipulagi.
Hver kennari leggur áherslu á fyrirfram ákveðin markmið og aðlagar þau að hverjum hópi.
Stöðvavinna; Árgangnum er skipt upp í hópa og hver hópur vinnur að ákveðnum markmiðum hjá ákveðnum kennara í ákveðinn tíma.
Heimanám er áætlun sem nemandi hefur ekki náð að klára en einnig má búast við einstaka heimaverkefni yfir veturinn.
Með fyrrgreindum kennsluaðferðum er lögð mikil áhersla á að hver nemandi fái verkefni við hæfi og/eða unnið að ákveðnum námsmarkmiðum hvers nemanda sem eru misjöfn hverju sinni. Sérkennari vinnur að skipulagi með teyminu hverju sinni.

iii. Náms- og kennslugögn

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	• Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar). • Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum. • Kennslugögn til að leggja áherslu hlutbundna vinnu. • Aðstoðargögn t.d. orðabækur, kortabækur. • blýantar, strokleður, lokaðan yddara, litir. • Gráðuboga, reglustika, reiknivél. • A4 stílabækur og reiknisbækur. • Plastmöppur. • Harðplastamöppu; línustrikuð blöð, milliblöð, plastvasa og tímaritabox. • Ipad
Persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:	• Skólataska • Íþróttaföt og innanhússskór • Sundföt

II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Á hverjum fimmtudegi sendir teymið póst til foreldra um hvað sé framundan á dagskránni (áætlun, regla vikunnar, viðburði ofl.) og hvað búið er að vinna með sl viku. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara ef upp koma vangaveltur/spurningar annað hvort í gegnum tölvupóst (Mentor) eða í símanúmer skólans.

II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.
Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendur að ná árangri. Í þessum árgangi er lögð áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- Nemandi metinn skv. hæfniviðmiðum
- hefðubundnar kannanir (skriflegar og/eða munnlegar)
- heimapróf
- sjálfsmat

b. Stöðumat.
Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með samtali á milli nemanda og foreldra/forráðamanna með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu.

b. Lokamat:
Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn fyrir frammistöðu sína.

11. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

Lykilhæfni

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs. Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

Lykilþættirnir fimm	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt. Við lok skólaárs geti nemandi:	A	B	C
TJÁNING OG MIÐLUN	• tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt • verið virkur hlustandi, meðtekið upplýsingar og rökstutt mál sitt á einfaldan hátt • lagað framsetningu sína að umræðuefni og viðmælendum og notað viðeigandi hugtök og orðaforða • miðlað skýrt af þekkingu sinni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni	Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar **af öryggi** og á skipulegan hátt með viðeigandi hugtökum og orðaforða. Verið virkur hlustandi og beitt einföldum rökum **af öryggi**. Miðlað **vel** þekkingu sinni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum og lagað framsetningu sína að umræðuefni og viðmælendum.	Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt með viðeigandi hugtökum og orðaforða. Verið virkur hlustandi og beitt einföldum rökum. Miðlað þekkingu sinni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum og lagað framsetningu sína að umræðuefni og viðmælendum.	Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar **að nokkru leiti** á skipulegan hátt og notað viðeigandi hugtök og orðaforða. Hlustað á aðra og beitt rökum **að nokkru leyti**. Miðlað þekkingu sinni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum og lagað framsetningu sína **að nokkru leyti** að umræðuefni og viðmælendum.
SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN	• sett fram einfalda áætlun um efnistök og úrlausn verkefna án aðstoðar • búið til viðmið sem hjálpa til að bæta eigin árangur í námi • lært af mistökum og nýtt sér niðurstöður við úrlausn verkefna • skoðað upplýsingar á gagnrýnan hátt og stutt skoðanir sínar með einföldum rökum • greint og kynnt hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur	**Af öryggi** sett fram áætlanir um úrlausn verkefna og búið til viðmið til að bæta eigin árangur. Nýtt sér **vel** niðurstöður við úrlausn verkefna og áttað sig á því hvort árangur hafi náðst. Af öryggi skoðað upplýsingar á gagnrýninn hátt og stutt vel við skoðanir sínar með rökum.	**S**ett fram áætlanir um úrlausn verkefna og búið til viðmið til að bæta eigin árangur. Nýtt sér niðurstöður við úrlausn verkefna og áttað sig á því hvort árangur hafi náðst. Skoðað upplýsingar á gagnrýninn hátt og stutt vel við skoðanir sínar með einföldum rökum.	**Stundum** sett fram áætlanir um úrlausn verkefna og búið til viðmið til að bæta eigin árangur. Nýtt sér **að einhverju leyti** niðurstöður við úrlausn verkefna og áttað sig á því hvort árangur hafi náðst. **Að vissu marki** skoðað upplýsingar á gagnrýninn hátt og stutt við skoðanir sínar með einföldum rökum.

Frh. á næstu síðu

Lykilþættirnir fimm, frh.	Efnisþættir með viðmiði fyrir hvern lykilþátt. Við lok skólaárs geti nemandi:	A	B	C
SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA	• gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum • gert sér grein fyrir styrk sínum í leik og námi og byggt upp jákvæða sjálfsmynd • unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast nám og félagsstarfi innan skóla á jákvæðan hátt • gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og verið virkur félagslega • haft áhrif á skólasamfélagið sitt með virkri þátttöku í leik og starfi • tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt með stuðningi	Gert sér **vel** grein fyrir hvers ætlast sé af honum og námi og borið á eigin vinnubrögðum. Áttað sig **vel** á styrk sínum í leik og námi og verið **vel** virkur í samvinnu. **Jafnan** tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.	Gert sér grein fyrir hvers ætlast sé af honum og námi og borið á eigin vinnubrögðum. Áttað sig á styrk sínum í leik og námi og verið virkur í samvinnu. Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.	Gert sér **nokkuð vel** grein fyrir hvers ætlast sé af honum og námi og borið á eigin vinnubrögðum **að vissu marki**. Áttað sig nokkuð **vel** á styrk sínum í leik og námi og verið virkur í samvinnu að einhverju leyti. Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt **að einhverju leyti**.
NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA	• notað fleiri en eina upplýsingaveitu við upplýsingaöflun og borið saman upplýsingar • notað margvíslega miðla við öflun gagna og til stuðnings við nám • sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga, hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu, og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð	**Af miklu öryggi** notað margvíslega miðla við nám og sýnt **mikla** ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga. Nýtt sér **vel** rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.	Notað **vel** margvíslega miðla við nám og sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga. Nýtt sér rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð.	Notað **nokkuð vel** margvíslega miðla við nám og **stundum** sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga. Nýtt sér rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð **að einhverju leyti**.
ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI	• gert sér grein styrkleikum sínum og getur nýtt sér þá í námi • sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim að mestu leyti • skipulagt eigið nám með leiðsögn með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.	Gert sér **mjög vel** grein fyrir styrkleikum sínum og nýtt þá í náminu. Sett sér **mjög skýr** markmið í námi og unnið eftir þeim. Skipulagt eigið nám **vel** með leiðsögn með hliðsjón af hæfniviðmiðum.	Gert sér **vel** grein fyrir styrkleikum sínum og nýtt þá í náminu. Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim **að mestu leyti**. Skipulagt eigið nám með leiðsögn með hliðsjón af hæfniviðmiðum.	Gert sér **að einhverju leyti** grein fyrir styrkleikum sínum og nýtt þá í náminu. Sett sér **að einhverju leyti** markmið í námi. Skipulagt með leiðsögn eigið nám **að vissu marki** með hliðsjón af hæfniviðmiðum.

1. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

A. Íslenska

Námshæfni – viðmið um hæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í íslensku	Þ	L	V
Talað mál, hlustun og áhorf:	Við lok árgangs geti nemandi:			
	• tjáð sig skýrt og áheyrilega		X	
	• endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt		X	
	• gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær		X	X
	• verið fær um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja viðeigandi reglum		X	
	• notið bókmennta- og afþreyingarefnis, upplestrar, leiksýninga og söngs			X
	• flutt og sungið algeng íslensk ljóð			
	• hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli		X	
	• tekið þátt í leikrænni tjáningu og spuna		X	X
			X	
Lestur og bókmenntir:	Við lok árgangs geti nemandi:			
	• Nýtt sér lesskilning og fjölbreyttan orðaforða í vinnu verkefna	X	X	
	• gert sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum	X		
	• lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann		X	
	• notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir	X	X	X
	• lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð		X	
	• þekkt fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjanda, samlíkingu og boðskap	X		X
	• þekkt nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð	X	X	
	• aflað sér upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af netinu og unnið úr þeim		X	
	• unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum		X	
Ritun :	Við lok árgangs geti nemandi:			
	• skrifað læsilega og af öryggi		X	
	• nýtt sér helstu atriði stafsetningar og sýnt einhverja færni í greinarmerkjasetningu	X	X	
	• dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti	X	X	
	• tjáð hugmyndir sínar og reynslu af öryggi.		X	X
	• skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli		X	
	• fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti		X	X
			X	

	• sagt frá texta og nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun	X		
Málfræði:	Við lok árgangs geti nemandi:			
	• ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu			X
	• nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu	X	X	
	• flett upp orðum eftir stafrófsröð og að nýtt sér upplýsingar úr orðabókum	X	X	
	• þekkt helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt	X		
	• gert sér nokkra grein fyrir mismunandi hlutverkum orða í texta	X	X	
	• greint merkingarmun og blæbrigði orða	X	X	
	• þekkt mun orðtaka og málshátta og hafa náð nokkurri leikni í að beita þeim	X	X	
	• skilið að málfræðiþekking nýtist í tungumálanámi	X		X

1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Að nemandi geti:

- tjáð sig skýrt og áheyrilega
- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar
- hlustað af athygli og skilið það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- átt góð samskipti við skólafélaga og starfsfólk skólans og sýnt viðeigandi kurteisi

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Rauðkápa
- Ljóðabækur
- Námsefni frá kennara
- Myndefni t.d. Benjamín dúfa.
- Útprentað efni af neti.
- Sögubækur af bókasafni
- Kynningar á efni eftir vinnu s.s. þemavinnu, einstaklingsvinnu.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Lestur bókmennta
- PALS

- Upplestur í nestistíma
- Umræður um viðburði í fréttum
- Kynningar á vinnu/niðurstöðum úr verkefnavinnu/þemavinnu
- Bekkjarfundir
- Öll vinna sem þjálfar samvinnu

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Allir nemendur fá tækifæri til að tjá sig og skoðanir sínar (á viðeigandi hátt) og á sínum forsendum. Einnig eru nemendur sérstaklega hvattir til að hlusta á aðra nemendur og taka tillit til skoðana og námsgetu.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Kannanir
- Mat á lestri (leshraða og upplestri)
- Mat á hæfniviðmiðum

1.2. Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 2 tímar (80 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:
Að nemandi:

- þjálfist í að lesa texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi
- þjálfist í að nota hugtök í ljóðum svo sem rím, ljóðstafir, hrynjandi, líkingar, boðskapur
- þjálfist í að lesa úr einföldum, tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- geti greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur á texta
- þjálfist í að velja sér lesefni við hæfi til gagns og ánægju
- þekki orðatiltæki og málshætti

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Rauðkápa
- Benjamín dúfa
- Lesefni af bókasafni
- Ljóðabækur
- Ýmis lesskilningsverkefni
- Ýmsar lestrarækur til að nota við lestraaðferðina PALS

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- PALS (sem þjálfar allt í senn, upplestur, hljóðlestur og lestrarnákvæmni,)
- Yndislestur
- Upplestur í nestistíma

- Kynning á bókmenntum, bæði sem upplestur og sem myndefni
- Þema sem fjallar um þjóðsögur
- Ýmis lessklingsverkefni
- Heimalestur

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- PALS hentar vel öllum nemendum hvar sem þeir eru staddir í lestri
- Sérkennari tekur ákveðinn hóp í lestur
- Lestrarátak heima fyrir
- Jafningjahópar í stöðvavinnu í lestri og lesskilningi
- Nemendur með slakan leshraða fá aukinn tíma til að æfa sig fyrir upplestur í skóla.
- Árgangnum er skipt reglulega í jafningjahópa í lestri þar sem unnið er að misjöfnum áherslum m.a. í lestri.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

b. Námshæfni:

- Mat á leshraða; hraðlestrapróf
- Mat á lesskilningi m.a. Orðarún sem skimun og önnur lessilningspróf
- Mat á framsögn, framsagnarpróf
- Hæfniviðmið metin

1.3. Ritun

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:
að nemandi:

- Þjálfist í að skrifa læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd og beitt algengum aðferðum í ritvinnslu
- Þjálfist í að beita helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og nái valdi á þeim
- Kynnist mismunandi ritstílum og geti nýtt sér þá við eigin ritun
- Geti samið texta þar sem beitt er eigin sköpun og notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Skræða 1 og 2
- Mál til komið/Mál í mótun, grunnbók og verkefnabók
- Málrækt 2
- Stuðst við 6+1 vídd ritunar
- Hugtakakort í uppbyggingu á ritun

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í áætlunargerð er reglulega ritun sem tengist oft daglegu lífi nemenda.
- Í hringekju er sérstaklega farið í ritun, nemendum kennd uppbygging á ritun og notkun á hugtakakorti til að undirbúa ritun. Lögð er áhersla á aðalpersónur, aukapersónur, umhverfi,

atburðarrás og niðurstöðu aðburðarrásar. Einnig er unnið með hvernig er hægt að skila ritun og ýmsar aðferðir kynntar s.s. bókagerð, teiknimyndagerð ritgerðarsmíð, notkun spjaldtölvu og tölvu. Kennari leggur áherslu á skapandi skrif.
- Áfram er lögð áhersla á upphaf, miðju og enda sagna
- Ýmsar æfingar sem tengjast stafsetningu.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
- Hver nemandi fær tækifæri til að skila ritun eftir sinni getu t.d. vinna sumir nemendur ritun í tölvu.
- Nemendur sem eiga erfitt með að skrifa texta eru hvattir til að skila t.d. teiknimyndasögu en samt sem áður eru gerðar kröfur með innihald og uppbyggingu. Nemendur fá ritunarefni við hæfi
- Nemendur vinna ákveðinn hluta af verkefnum sem lögð eru fyrir bekkinn.
- Nemendur fá aðgang að hjálpargögnum í ritun og stafsetningu.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Námshæfni:
- Mat á hæfniviðmiðum
- Hver nemandi fær umsögn um ritun sína útfrá þeim væntingum sem settar eru.
- Hæfni á uppbyggingu sagna er metin
- Stafsetningarkannanir

1.4. Málfræði

Tímafjöldi: 3 tímar (120 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

Að nemandi:
- Þjálfist í að gera grein fyrir eigin máli og hafa skilning á gildi þess að bæta það
- Geti notað ríkulegan orðaforða í ræðu og riti og gert sér grein fyrir margræðni orða
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál
- Geti notað orðasambönd í texta
- Þekki notagildi íslenskrar málfræði í ritun og stafsetningu

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:
- Málrækt 2
- Mál í mótun
- Skræða 1 og 2
- Kennsluefni útbúið af kennurum
- Hjálpargögn úbúin af kennurum
- Ýmsir textar sem verið er að vinna með hverju sinni
- Ýmis spil til að örfa orðaforða

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:
- Innlagnir á málfræðihugtökum; orðflokkum og einkennum þeirra
- Áætlunarvinna með þann orðflokk sem unnið er með hverju sinni.
- Innlögn á orðatiltækjum vikunnar og unnið með notkun þeirra

- Unnið í námsbókum
- Verkefnavinna
- Töflukennsla
- Beinar innlagnir
- Endurtekningarnám

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur fá tækifæri til að nota hjálparspjöld með málfræðireglum
- Nemendur vinna að markmiðum árgangsins vinna ákveðinn hluta af þjálfunarverkefnum

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Mat á hæfniviðmum
- Virkni
- Verkefnavinna
- Kannanir

B. Íslenska sem annað tungumál

Námssviðið Íslenska sem annað tungumál er ætlað að bæta íslenskukunnáttu þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum stigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Þess vegna er ekki hægt að skipuleggja íslensku sem annað tungumál eftir árgöngum heldur eftir stigum (1. stig, 2. stig og 3. stig)

Tímafjöldi: 2 – 6 tímar (80-240 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda á hverju stigi (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál	Þ	L	V
Hlustun og talað mál	Við lok 1. stigs geti nemandi: • Skilið einföld skilaboð og brugðist við þeim • Spurt og beðið um útskýringar, m.a. á einstökum orðum og orðatiltækjum • Tekið þátt í einföldu samtali • Borið fram helstu málhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði • Tjáð tilfinningar sýnar á einfaldan hátt		X X X X X	X X	
Lestur og ritun	Við lok 1. stigs geti nemandi: • Lesið einfaldan texta sér til gagns og ánægju • Tjáð sig um áhugavert efni og sögur • Notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð • Beitt einföldum reglum í stafsetningu • Skrifað stutta einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð	X X X	X X	
Hlustun og talað mál:	Við lok 2. stigs geti nemandi: • Tekið þátt í umræðum um námsefni • Lýst atvikum, persónum og hlutum • Endursagt einfaldan texta sem nemandi hefur lesið • Spurt og svarað því sem tengist námsgreinum • Tekið þátt í samtali • Borið fram íslenskt mál án teljandi áhrifa frá móðurmáli	X	X X X X X X	X X

Lestur og ritun:	Við lok 2. stigs geti nemandi: • Lesið og skilið texta við hæfi • Lesið auðlesnar bókmenntir, túlkað þær og tjáð sig um þær • Stafsett nokkuð rétt léttan texta og nýtt sér meginreglur stafsetningar • Skrifað sögu á skiljanlegu máli • Tjáð hugsanir og reynslu í rituðu máli • Tekið þátt í samvinnu með skólafélögum • Notað gögn sér til aðstoðar svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn	X X	X X X X X X X	 X
Hlustun og talað mál	Við lok 3. stigs geti nemandi: • Tekið þátt í umræðum og er óhræddur við að leggja fram tillögur • Hlustað á sögu og endursagt efni hennar í stuttu máli • Notað íslenskt mál í samskiptum • Beitt málfari og málhegðum sem hæfir stað og stund • Getur borið fram íslensk málhljóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjanda		 X X X X	X X
Lestur og ritun	Við lok 3. stigs geti nemandi: • Valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks • Nýtt sér fjölbreytileg hjálpargögn • Skilur bókmenntir, getur túlkað þær og notið • Skrifað ritgerðir, skýrslur og frásagnir • Getur stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur	X X 	X X X X X	X X

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðaforði og hugtök

Kynnig, heilsa, kveðja, fatnaður, skólinn, litir, tölur, fjölskyldan, húsnæði, húsgögn, húsbúnaður, daglegt líf og athafnir, matur, umhverfi, landslag, áttir, heimsálfur, stærðfræðihugtök, afstaða og staðsetning. Umræður um áhugamál, persónur, útlit, námsgreinar, skóladaginn o. fl.

- Lestur og lesskilningur
- Ritun
- Málfræði

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Íslenska nýja málið mitt 1 og 2
- Kæra Dagbók 1, 2 og 3
- Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók)
- Íslenska fyrir alla 1 og 2
- Íslenska vísar veginn
- Orðasjóður (flettispjöl og útprentanlegt efni af vef)
- Íslenskuspilið
- Sagnorðaspilið
- Fallorðaspilið
- Lestrarspilið
- Önnur verkefni frá kennara

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- einstaklingskennsla
- kennsla í litlum hópum

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- vinnubækur við hæfi hvers og eins
- spil og leikir
- umræður
- lestur bóka sem hæfa hverjum og einum
- hlusta á fyrirmæli og merkja við
- hlusta á snældur og nemendur endurtaka

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

a. Lykilhæfni:
- virkni og vinnusemi
- könnun

b. Námshæfni:
- símat
- leiðsagnarmat
- stöðumat (t.d stöðu og leiðsagnarmat frá skóladeild Akureyrar)
- próf
- gátlistar (t.d. det nye lundamatrialet)

2. Erlend tungumál

Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum	Þ	L	V
Hlustun:	Við lok árgangs geti nemandi: • Skilið talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyranlega.	x	x	
Lesskilningur:	Við lok árgangs geti nemandi: • Lesið sér til gagns og ánægju auðlesna texta af ýmsum gerðum um daglegt líf og áhugamál sem innihalda algengan orðaforða og beitt mismunandi lestraraðferðum eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.	x	x	x
Frásögn og samskipti:	Við lok árgangs geti nemandi: • Sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisisvenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði. • Tjáð sig um það sem viðkemur daglegu lífi hans og því sem stendur honum nærri á vel skiljanlegu máli hvað varðar málnotkun, framburð, áherslur og orðaval.	x	x x	
Ritun:	Við lok árgangs geti nemandi: • Skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorða og greinamerki.	x	x	
Menningar-læsi:	Við lok árgangs geti nemandi: • Sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðinn lykileinkenni í menningu viðkomandi mál– og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor.	x	x	x
Námshæfni:	Við lok árgangs geti nemandi: • Sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.		x	

2.1. Enska

Tímafjöldi: 2 tímar (80 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur vinna markvisst að því að byggja upp góðan grunn í ensku.
- Aðaláherslan er á að auka orðaforðann og vinna með hann.
- Farið verður í orðaforða, lesskilning, hlustun, málfræði og ritun.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ready for Action
- Aukefni frá kennara
- Myndbönd, tónlist, kvikmyndir, hlustunaræfingar, glærur frá kennara

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Beinar innlagnir
- Hlustun
- Verkefnavinna
- Hópvinna
- Samtöl
- Hringekja; unnið með jafningjahópum í ensku
- Upprifjun

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hringekja; nemendum skipt upp í jafningjahópa tímabundið og hver nemandi fær tækifæri til að byggja upp orðaforða á sínum forsendum.
- Aðlagað efni Innlögn hjá kennara
- Margar af þeim aðferðum sem notaðar eru í tungumálakennslu henta vel öllum nemendum.
- Orðaforðavinna á forsendum og grunni nemenda.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Mat á hæfniviðmum
- Munnleg próf
- Kannanir

2.2. Danska

Tímafjöldi: 2 tími (80 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hver er ég
- Litir og föt
- Líkaminn
- Árstíðir og mánuðir
- Klukkan
- Tölustafir
- Dagarnir
- Fjölskyldan
- Persónufornöfn
- Dönsk tónlist, mynd og tímarit

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Start lesbók
- Start vinnubók
- Efni frá kennara
- Myndbrot og hlustun

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Bein innlögn
- Leikir
- Söngur

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Innlögn hjá kennara
- Margar af þeim aðferðum sem notaðar eru í tungumálakennslu henta vel öllum nemendum.
- Orðaforðavinna á forsendum og grunni nemenda.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

b. Námshæfni:

- Mat á hæfniviðmiðum
- Munnleg próf
- Kannanir

3. List- og verkgreinar

Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni í list- og verkgreinum	Þ	L	V
Menningar-læsi:	Við lok árgangs geti nemandi:			
	• útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar	X		
	• hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni		X	
	• tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði			X
	• haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni			X
	• beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir			X
	• gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni			
	• sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði	X		
	• lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum	X		X
Myndmennt:	Við lok árgangs geti nemandi:			
	• Útskýrt hugtakið fjölfeldi og nokkrar grafískar aðferðir.	X		
	• Unnið grafískt verk frá skissu að fullunnu myndverki.	X	X	
	• Gert grein fyrir hlutföllum andlits og byggingu þess.	X		
	• Teiknað andlit í réttum hlutföllum og beitt skyggingu.	X	X	
	• Gert 12 lita hring.	X	X	
	• Útskýrt litablöndun samkvæmt honum og áhrif litanna á hvorn annan.	X		X
	• Beitt þekkingu á litafræði við sjálfstæða myndsköpun.	X	X	
	• Gert sér grein fyrir verðmætum efna og áhalda.	X		X
Hönnun og smíði	Við lok árgangs geti nemandi:			
	• Unnið eftir hönnunarferli með áherslu á form, notagildi og útlit.	X	X	
	• Gert sér grein fyrir öllum þáttum hönnunarferilsins frá upphafi til enda.		X	
	• Gert sér grein fyrir gildi endurvinnslu og temji sér góða nýtingu efna.		X	X
	• Lært notkun á verkfærum fyrir raftengingu (lóðning).	X	X	
	• Lært að velja rétta hönnunarlausn sem hentar og fellur að notagildi hlutarins.	X	X	
Heimilis-fræði:	Við lok árgangs geti nemandi:			
	• Unnið sjálfstætt og með aðstoð eftir uppskriftum og notað til þess aðgengustu mæli-og eldhúsáhöld.	X	X	
	• Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti, umhverfisvernd og jafnrétti tengdu heimilishaldi.	X	X	X
	• Gert grein fyrir helstu kostnaðarliðum tengdum heimilishaldi. Metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.	X	X	
	• Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.	X	X	X
	• Gert grein fyrir algengustu slysahættum í eldhúsi.	X	X	
	• Öðlast frekari færni við notkun hinna ýmsu áhalda			
	• Öðlast þekkingu á næringarefnunum, steinefnum og vítamínum.	X	X	

Textílmennt : .	Við lok árgangs geti nemandi: • Unnið af öryggi á saumavél og þekki helstu stillingar vélarinnar • Saumað í saumavél einfalt verkefni • Beitt grunnreglum í litafræði í eigin sköpun með því að raða saman efnum/garni í mismunandi litum og tónum • Fitjað upp og fellt af í prjóni • Gengið frá endum á prjónlesi • Nýtt sér uppskriftir og leiðbeiningar í mismunandi miðlum • Gert sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og að ganga vel um vinnusvæði sitt	X X X X X X X	X X X X X X X	
Leiklist:	Við lok árgangs geti nemandi: • Tekið virkan þátt í skapandi ferli í samvinnu við aðra • Tekið tillit til jafningja í samstarfi. • Hlustað á hugmyndir jafningja og lagt fram eigin. • Notað tjáningarmöguleika raddar og líkama. • Notað leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sín • Flutt mál sitt áheyrilega fyrir framan áheyrendur • Samið og flutt litla leikþætti • Unnið með ímyndunaraflið og sköpunargleðina	X X	X X X X X X X	X X X X X X

A. hluti - listgreinar:

3.1. Sviðslistir – leiklist

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir í senn í 14 skipti (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Farið er í margskonar æfingar og leiki sem þjálfa einbeitingu, líkamsvitund, samskipti, framkomu, rödd, rýmisskynjun, samvinnu og tillitsemi við aðra.
- Unnið með leikræn ferli þar sem nemendur setja sig í spor annarra og þurfa að takast á við ímyndaðar aðstæður.
- Unnið með gagnrýna hugsun
- Aðferðir og vinnubrögð í námsgreininni eru eftirfarandi:
  - Látbragð
  - Kyrrmyndir
  - Paravinna
  - Leikspuni
  - Túlkun á eigin texta og annarra
  - Frásögn
  - Mismunandi blæbrigði raddarinnar
  - Þátttaka í hópumræðum
  - Hópefli – leikir

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Leikmunir og búningar
- Spil
- Tónlist
- Veraldarvefurinn
- Ýmsar bækur tengdar leiklistinni

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram í list- og verkgreinastofu.
- Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kenndar eru sex kennslustundir á viku í u.þ.b. fimm vikur (14 skipti).
- Námshópar eru blandaðir innan árgangs.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Læri að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til framkvæmdar
- Fundið gildi samvinnu og hjálpsemi
- Uppgötvi tjáningarmöguleika raddar og líkama
- kynnist frásagnaraðferðum leikhússins

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

Námshæfni:

- Þátttaka í verkefnum
- Frumkvæði og vinnusemi
- Frammistaða
- Framkoma
- Hæfniviðmið Hraunvallaskóla

3.2. Sjónlistir - myndmennt

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir í senn í 14 skipti (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hugmyndavinna og gerð skissubókar.
- Hugtakið fjölfeldi og grafískar aðferðir.
- Grafískt verk unnið frá skissu að fullunnu myndverki.
- Hlutföll andlits og bygging þess.
- Teikning af andliti í réttum hlutföllum og skygging.
- Litafræði út frá 12 lita hring ,
- Litablöndun og áhrif litanna á hvern annan.
- Gerð myndverks þar sem þekkingu litafræðinnar er beitt við sjálfstæða myndsköpun. Nemendur læri að gera sér grein fyrir verðmætum efna og áhalda.

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Fjölbreytt myndlistarefni, eins og pappír, mismunandi teikniáhöld, litir, og verkfæri.
- Bækur,skyggnur og margmiðlunarefni, valið og útbúið af kennara.

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram á myndmenntasvæði skólans.
- Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kenndar eru sex kennslustundir á viku í u.þ.b.fimm vikur (14-15 skipti).
- Námshópar eru blandaðir innan árgangs.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
Nemendur:

- Geti gengið frá eftir vinnu sína.
- Finni gildi samvinnu og hjálpsemi.
- Finni gleðina og sjái gildi þess að skapa og búa til eitthvað sjálfir.
- Sjái tilgang í nýtni og því að endurnýta hluti sem annars væri hent.
- Læri að vinna eftir einföldu ferli frá hugmynd til framkvæmdar.
- Læri að þekkja og nota helstu áhöld og verkfæri.
- Geti beitt áhöldum og verkfærum á réttan hátt.

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:
Lykilhæfni:

- Geta beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.
- Geta fjallað um verkefni sín og unnið úr fjölbreyttum myndlistarefnum.
- Geta unnið með einföld form og forskriftir.

Námshæfni:

- Geta þróað eigin hugmyndir og unnið eftir ferli.
- Geta notað fjölbreyttar aðferðir við myndsköpun.
- Geta útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi myndverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum.

- Geta nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um myndlist og myndsköpun.

Mat:

- Þátttaka í kennslustundum/verkefnum.
- Vinnusemi.
- Vönduð vinnubrögð.
- Umgengni og frágangur.
- Framkoma.
- Hæfniviðmið Hraunvallaskóla.

Hvert verkefni og verkþættir eru metnir ásamt frammistöðu í tímum.

3.3. Tónmennt (Tónlist, taktur og túlkun)

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir í senn í 13 til 14 skipti (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár)

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Tónlist er megin uppistaða þessarar námsgreinar og er notuð í öllum verkefnum
- Farið er yfir strengi rafmagnsbassans og æfð einföld lög
- Sýnikennsla á rafmagnsgítar og þeir sem vilja geta prófað sig áfram
- Æfðir eru einfaldir hljómar á hljómborð og grunntaktar á trommur
- Eitt til tvö lög eru sett saman í hljómsveitarútfærslu, kennari spilar á gítar og nemendur á öll önnur hljóðfæri.
- Vinsæl og einföld lög eru útfærð, Knocking on heavens door
- Ljóð sett í nýja útfærslu og framkoma æfð, ipad
- Spurningakeppnir tengdar tónlist
- Rætt um frægustu hljómsveitir heims og söngvara
- Líkaminn notaður sem takthljóðfæri við þekkt lög
- Æfðir ýmsir taktar á borð og líkama
- Skoðaðar nótur og ýmis tákn sem tengjast tónlist., tónfræði
- Búum til okkar eigin tónlistarvideo
- Þekkjum við hljóðin án þess að sjá hvaðan þau koma-verkefni
- Kóraraddir – sópran, alt, tenór , bassi.
- Nótnalestur og taktlestur
- Hópefli - leikir

ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Hljóðfæri
- Tölvur, símar, ipad
- Tónlist af youtube.com
- Imovie og moviestar
- Green Screen
- Tonmennt.com
- Háskaleikur
- Það var lagið (mappa með verkefnum)
- Guitar hero – playstasion 2

iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Námið fer að mestu fram í skóla
- Heimavinna er sjaldgæf í þessu fagi en það kemur fyrir að nemendur þurfi að æfa texta og/eða finna upplýsingar heima

iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

b. Námshæfni:

- Þátttataka í verkefnum
- Áhugi og verkefnaskil
- Frumkvæði og vinnusemi
- Umsögn frá kennara

B. hluti:

3.4. Heimilisfræði

Tímafjöldi: Tvær kennslustundir í senn í 14 til 15 skipti (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár). Kennslan fer fram í heimilisfræðistofu.

i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Vinnubókarvinna
- Lummur
- Smábrauð
- Hrísgrjónaréttur
- Pítsusnúðar
- Mexíkóskur kjötréttur
- Smákökur
- Skonsur
- Bakaðir kartöflubátar
- Brauðvafningar með sesamfræjum og hunangi
- Súkkulaðikaka

ii. Námsgögn og kennsluefni

> **Sviðsnámskrá** = Námskrá eins námssviðs (alls átta í grunnskólum auk vals), t.d. stærðfræði, íslenska o.s.frv., fyrir einn grunnskóla í gegnum alla bekki skólans. Sviðsnámskrá birtist í skólanámskrá skóla og dreifist um allar bekkjarnámskrár hennar. Mikilvægt er að sviðsnámskrá myndi eina heild í skólastarfi milli bekkja skólans. Einstök námssvið eru skilgreind á grunni viðmiða um námshæfni (þekking, leikni og viðhorf) auk útlistunar á fyrirkomulagi einstakra námsgreina námssviðsins með viðeigandi lýsingu (viðfangsefni í nám, náms- og kennslugögn, námsfyrirkomulag og námsaðlögun og námsmat) á áætluðu námsferli innan námsgreinarinnar á viðkomandi aldri.
>
> **Einstaklingsnámskrá** = Námskrá sem útbúin er fyrir ákveðinn nemanda út frá sérþörfum hans þar sem námskrá bekkjar (bekkjarnámskrá) sem nemandi tilheyrir þarfnast aðlögunar að námsgetu nemanda. Einstaklingsnámskrá birtist EKKI í skólanámskrá skóla heldur aðeins aðstandendum nemanda sem námskrá tilheyrir og honum sjálfum (eftir atvikum). Einstaklingsnámskrá er gerð árlega (a.m.k.) fyrir þá nemendur sem þess eru taldir þurfa. Grunnviðmið gilda um einstaklingsnámskrár í Hafnarfirði en hver skóli skal útfæra þær frekar út frá eigin sérstöðu.

Viðmið um skólanámskrá (bekkjarnámskrárnar tíu) í grunnskólum Hafnarfjarðar eru:

1. **Viðmið aðalnámskrár grunnskóla**: Skólanámskrá hvers skóla skal taka mið af aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013) (námssviðin átta), en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar taka við viðmið sveitarfélagsins við sem koma hér áfram.
2. **Skólastefna Hafnarfjarðar og áherslur sveitarfélags**: Skólastefna Hafnarfjarðar markar stefnu sveitarfélagsins í málefnum grunnskóla. Viðmiðin hér birta frekari sjónarmið og áherslur sveitarfélags um framkvæmd skólastarfs á grunni aðalnámskrár.
3. **Skólastarf í Hafnarfirði og skólanámskrá**: Meginsjónarmið í skólanámskrárgerð í grunnskólum Hafnarfjarðar er að allir grunnskólar fylgi áherslum aðalnámskrár á hverjum tíma. Skólanámskráin er gæðahandbók hvers grunnskóla og er yfirlýsing hans um það að hverju nám nemenda og kennsla skólans stefnir að hverju sinni.
4. **Samhæfni skólanámskrár í Hafnarfirði:** Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar fram leiðbeiningar og stuðning við skólanámskrárgerð einstakra skóla. Það gerist með viðmiðum sem styðja við stjórnsýslulega ferla, námskeiðahaldi og öðrum gögnum. Markmið þess er að styrkja skólana í skólanámskrárgerð til að hjálpa þeim að sýna fram á gæðin sem felast í skólastarfinu.
5. **Samstarf og samráð um viðmið fyrir skólanámskrárgerð**: Í meginatriðum er skólanámskrárgerð einstakra grunnskóla á ábyrgð stjórnenda þeirra í samræmi við lög og reglugerðir um skólastarf. Samstarf og samráð er lykilatriði við gerð skólanámskrár einstakra skóla, í samvinnu alls fagfólks í skólunum.
6. **Uppbygging skólanámskrár**: Skólanámskrár allra grunnskóla Hafnarfjarðar skulu settar upp sem tíu bekkjarnámskrár í heildstæðum grunnskóla með sömu uppbyggingu, þessa:
   - I. hluti kynnir menntastefnu skólans.
   - II. hluti kynnir þætti sem eru sameiginlegir fyrir allan árganginn óháð námssviðum.
   - III. hluti kynnir nám á einstökum námssviðum og námsgreinum innan þeirra.
     Viðauki er með upplýsingum sem eru sameiginlegar fyrir grunnskóla bæjarins.
7. **Sameiginlegt form/snið skólanámskrár**: Til viðbótar ofangreindri uppbyggingu á skólanámskrá noti skólar sérstakt form sem Skólaskrifstofan leggur til. Tilgangur þess er að hjálpa skólum að starfa í samræmi við nýja aðalnámskrá, skilgreina vel eigin sérstöðu og sýna fram á gæði skólastarfsins. Sameiginlegt form skólanámskrár fyrir Hafnarfjörð heftir ekki möguleika hans til að þróa skólastarfið á skapandi og fjölbreyttan hátt innan ramma aðalnámskrár.
8. **Sérstaða skóla og skólanámskrá**: Í skólanámskrá skal hver skóli kynna sérstöðu sína og gildi sem móta kennslufræðilega og uppeldislega sýn skólastarfsins. Sérstaða skóla komi þá fram í skólanámskrá er varðar kennslufræðilegar áherslur hjá starfsfólki hans innan ramma aðalnámskrár, nýtingu valstunda innan viðmiðunarstundaskrár, samsetningu og inntaki námsgreina innan námssviða í hverjum árgangi og kennslufræðilegum áherslum í daglegri starfsemi skóla.
9. **Kynning og staðfesting skólanámskrár**: Skólanámskrá næsta skólaárs skal lögð fram til kynningar í skólaráði hvers skóla í júní og skal staðfest í skólanefnd (fræðsluráði Hafnarfjarðar) í ágúst ár hvert. Skólanámskráin skal kynnt foreldrum í hverjum árgangi í upphafi hvers skólaárs, birt á vef skóla og dreift til foreldra á rafrænu formi.
10. **Skjalavarðveisla**: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar annast varðveislu á skólanámskrám grunnskólanna í Hafnarfirði í skjalakerfi bæjarins í samræmi við opinbera skjalavörslu og reglur bæjarins.

Viðauki B: Viðmiðunarstundaskrá og viðmið

Viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár grunnskóla (2011, bls. 50-51) er grundvöllur kennslutímafjölda í skólastarfi grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá segir til um hvernig tími nemenda í skóla skiptist eftir námssviðum (þ.m.t. námsgreinar) og aldri nemenda:

Námsgreinar – Námssvið	1.-4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur	Vikulegur kennslutími	Vikulegur kennslutími
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 8. - 10. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 1. - 10. bekk. Mínútur á viku	Hlutfall
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680	630	2.430	18,08%
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1.380	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	2.080	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	1.120	8,33%
Skólaíþróttir	480	360	360	1.200	8,93%
Samfélagsgreinar; trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1.540	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	2.000	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360	2,68%
Til ráðstöfunar /Val	300	160	870	1.330	9,90%
Alls	**4.800**	**4.200**	**4.440**	**13.440**	**100%**

„**Erlend tungumál**. Undir þau heyra enska og danska þar sem gert er ráð fyrir að enska sé fyrsta erlenda tungumálið og danska, norska eða sænska annað erlenda tungumálið.

List- og verkgreinar. Undir listgreinar heyra tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Þessi tvö svið skulu hafa jafnt vægi innan heildartímans.

Náttúrugreinar. Undir þetta svið heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt.

Skólaíþróttir. Undir þetta svið heyra m.a. íþróttir og sund.

Samfélagsgreinar. Undir þær heyra m.a. samfélagsfræði, saga, landafræði og þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði ásamt heimspeki.

Upplýsinga- og tæknimennt. Undir þetta heyrir m.a. miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni.

Til ráðstöfunar/val. Undir þetta heyra ráðstöfunarstundir skóla, einkum í 1.–7. bekk og val nemenda í 8.–10. bekk.

Út frá áhersluþáttum námskrár í lögum skal hafa jafnvægi milli bóklegs náms og verklegs og þess gætt að ekki halli á verklegt nám þegar skólastarf er skipulagt. Það á einnig við um skipulag valnámskeiða. Því er gert ráð fyrir að allt að helmingur valstunda sé bundinn list- og verktengdu námi. Hafa ber grunnþætti menntunar, áhersluþætti í aðalnámskrá og lykilhæfni til viðmiðunar við útfærslu allra námssviða og námsgreina. Auk þeirra námgreina og námssviða, sem tilgreind hafa verið í viðmiðunarstundaskrá, er gert ráð fyrir nokkrum þverfaglegum þáttum, s.s. nýsköpun, frumkvöðlamennt og nýmiðlun.“
Viðmiðunarstundaskrá fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar er gefin upp sem sýnishorn og dæmi fyrir mögulega útfærslu á aðalnámskrá grunnskóla (2011). Hún tekur mið af því að eftir er að útfæra námsgreinar innan námssviða sem eru þá útfærsla einstakra skóla (sjá skýringar hér aftar) og skipting valstunda hefur ekki verið útfærð. Hún er aðallega sett fram í þeim tilgangi að sýna skólum fram á mögulega útfærslu sem gengur upp (heildartímafjöldi í hverjum árgangi á móti tímafjölda sem er ætlaður í hvert námssvið á tíu ára grunnskólagöngu) og til að kynna öllum lágmarkstímafjölda í námssviðum sem nú reu í gildiu samkvæmt aðalnámskrá. Það er ekkert sem útilokar aðrar útgáfur viðmiðunarstundaskrár

hjá einstaka skólum nái forsendur aðalnámskrár að ganga upp, þ.e. lágmarkstímafjöldi námssviða á tíu ára tímabili á móti heildartímafjölda í hverjum bekk/árgangi (30/35/37). Framsetningin hér er almenn útfærsla á mínútum úr aðalnámskrá grunnskóla í kennslustundir sem hver er 40 mínútur en skólum er að sjálfsögðu heimilt að hafa eigin útfærslu á tímalengd kennslustunda í daglegri stundatöflu:

Tafla 1: Lágmarkstímafjöldi í námssviðum í gegnum grunnskólann í jafndreifingu.

	1. bk.	2. bk.	3. bk.	4. bk.	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.	Alls
Íslenska	7	7	7	7	6	6	5	5	5	5,75	**60,75**
Er. tung.	0	0	0	2	3	3	5,5	7	7	7	**34,5**
List./verk.	6	6	5	5,5	7	8	6	3	3	2,5	**52**
Nátt.gr.	3	2,5	3	2	3	3	2,5	3	3	3	**28**
Samf.gr.	4	3,5	4	3	5	5	5	3	3	3	**38,5**
Skólaíþr.	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	**30**
Stærðfr.	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	**50**
UST	0	1	1	1	1	1	2	1	1	0	**9**
Val	2	2	2	1,5	2	1	1	7	7	7,75	**33,25**
Samt.	**30**	**30**	**30**	**30**	**35**	**35**	**35**	**37**	**37**	**37**	**326**

Viðmið um nám og kennslu í grunnskólum Hafnarfjarðar:

1. **Viðmiðunarstundaskrá**: Stundaskrár grunnskólanna í Hafnarfirði skulu taka mið af viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár sem lágmarksstundaskrá um heildartímafjölda í einstaka árgöngum og á einstaka námssviðum (sbr. töflu hér ofar).
2. **Viðmið um tímafjölda í kennslugreinum**: Skólastarf hvers skóla skal taka mið af aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013), sem lágmark en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem komu hér neðar.

Tafla 2: Námssvið, námsgreinar og hlutfall þeirra innan námssviðs.

Námssvið	Námsgreinar innan námssviðs	Hlutfall námsgreina innan hvers námssviðs í grunnskóla
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	Hver námsþáttur skal ekki fá minna en 15% námstímans.
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska	Enska fái ekki minna en 55% og danska ekki minna en 35% námstímans.
3. List- og verkgreinar	*A Listgreinar (50%):* 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt *B Verkgreinar (50%):* 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	Hver námsgrein innan list- og verkgreina fái ekki minna en 10% náms-tímans.
4. Náttúrugreinar	4.0. Náttúrufræði (100%) (eða) 4.1. Eðlis- og efnavísindi 4.2. Jarð- og stjörnufræði 4.3. Lífvísindi	Hvor námsgrein fái ekki minna en 15% námstímans en sé námsgreinin náttúru-fræði (yngsta stig) fái hún 100%.

	4.4. Umhverfismennt	
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	Íþróttir fái 67% og sund 33% námstímans.
6. Samfélagsgreinar	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði	Hver námsgrein fái ekki minna en 20% námstímans.
7. Stærðfræði	7.0 Stærðfræði (100%) (eða) 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur og algebra 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi	Hver námsgrein fái ekki minna en 20% námstímans.
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	Hvor námsgrein fái ekki minna en 35% námstímans.
9. Val	9.1. Valgrein 1 9.2. Valgrein 2 o.s.frv.	Skipulag, inntak og fjöldi valgreina er algjörlega í höndum hvers skóla.

3. **Viðmiðunarstundaskrá skóla, val og námsgreinar**: Einstaka grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað tímamagni til kennslu á öllum námssviðum á jafnræðisgrundvelli. Hver skóli skal skipuleggja námsgreinar innan hvers námssvið í samræmi við ofangreinda skiptingu námsgreina innan hvers námssviðs. Hver skóli skal skilgreina eigin grunn að viðmiðunarstundaskrá á hverju skólaári, þ.e. hver skóli getur breytt eigin skólanámskrá árlega, með því að afmarka valtíma í 1.-7. bekk á önnur námssvið (eða jafnvel sem sérstakar námsgreinar) og afmarka tíma í námsgreinar innan námssviða í samræmi við ofangreinda töflu.
4. **Námsgreinar í skólanámskrá**: Námsgreinar (innan námssviða) skulu kynntar í skólanámskrá í samræmi við töflu hér ofar í hverjum árgangi og alltaf með sama númerakerfi (þ.e. þótt einstakar námsgreinar vanti í einstaka árganga eru númerum þeirra sleppt og þannig hlaupið yfir þau). Öllum námsgreinum sem kenndar eru í hverjum bekk/árgangi skal fylgja viðeigandi námslýsing sem uppfyllir viðmið skólanámskrárforms fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar.
5. **Úthlutun almennra kennslutíma**: Grunnskólar í Hafnarfirði fá úthlutað kennslutímum til almennrar kennslu í samræmi við viðmið aðalnámskrár grunnskóla og sveitarfélags sem miða að jöfnuði meðal grunnskólanemenda. Það er síðan einstakra skóla að skipuleggja kennslu á einstaka námssviðum (námsgreinar meðtaldar) í einstaka árgöngum í samræmi við viðmið aðalnámskrár og bæjarins líkt og þessi viðmið tilgreina. Sér úthlutun er til sérkennslu.

Viðauki C: Menntastefna skóla og viðmið

Skólastarf grunnskóla byggir á lögum og reglugerðum sem miða að því að veita öllum börnum á Íslandi starf í grunnskóla sem færir þeim sem sambærilegust gæði um leið og að mæta ólíkum þörfum þeirra og mismunandi aðstæðum. Í þeim skilningi er skólastarf samfélagslegt verkefni sem nær til allra íbúa landsins. Þess utan er gert ráð fyrir að hver skóli hafi ákveðna ábyrgð í því að skapa sér sérstöðu á grunni aðalnámskrár. Þessi sýnileiki getur verið útfærður margvíslega, hann skal taka mið af aðstæðum einstakra skóla og byggja á grunnstefnu skólans sem nefnd er menntastefna.

Viðmið um stefnu skóla og samfélagslega ábyrgð:

1. **Sérstaða skóla**: Hver grunnskóli í Hafnarfirði skal skilgreina eigin sérstöðu með afmörkun á eigin stefnu í nokkrum þáttum skólastarfsins sem skilgreind séu í skólanámskrá að kröfu aðalnámskrár grunnskóla (2011); nefnd menntastefna skóla.
2. **Menntastefna skóla skilgreind**: Viðmið um stefnu skóla er að þar komi fram áherslur skóla um gildi/leiðarljós og uppeldis- og kennslufræðilega sýn skóla þar sem áherslur grunnþátta menntunar í aðalnámskrá og aðrir þættir sem skóli telur æskilegt að hafa stefnu um og er í samræmi við lög, reglugerðir og opinberar reglur um grunnskólastarf.
3. **Tengsl og samstarf við nærumhverfi**: Hver skóli skal hafa stefnu um tengsl og samskipti við nærumhverfi sitt. Í því felast tengsl við náttúrulegt, félagslegt og menningarlegt umhverfi skóla. Þá skulu skólar sérstaklega skilgreina vel verkefni sín, tengsl og samstarf við leikskóla og framhaldsskóla. Sveitarfélagið getur einnig lagt þar til frekari viðmið um slíkt samstarf og tengsl og þá hvernig það hyggst styðja og efla slíkt samstarf.
4. **Samstarf heimila og skóla**: Mikilvægur þáttur skólastarf er að góð tengsl séu við heimili nemenda um nám og velferð barna. Í þeim tilgangi er mikilvægt að skýr viðmið séu um samstarf við heimili nemenda. Skólar skulu marka sér stefnu um samstarf við heimilin og í bekkjarnámskrám skal kynna þær leiðir og viðfangsefni sem unnið er með í hverjum bekk/árgangi. Hver skóli gefur þá út starfsáætlun og þar skulu vera nánari upplýsingamiðlun til heimila nemenda um verklag, skipulag og vinnubrögð í skólastarfi sem styðja við nám og kennslu allra nemenda.
5. **Forvarnir í grunnskólastarfi**: Forvarnir í skólastarfi grunnskóla miða að almennri velferð fyrir alla nemendur og tryggja þeim sem mest öryggi í skólastarfi. Í þeim tilgangi leggur sérfræðiþjónusta (sveitarfélagsins við) grunnskóla til sérstök viðmið um almennar forvarnir í grunnskólum Hafnarfjarðar um frekari verkferla og aðgerðir sem miða að öryggi í skólastarfi. Almennar forvarnir í skólastarfi skal samþætta og tengja sem mest grunnþáttum menntunar og viðfangsefnum einstakra námssviða eins og kostur er og eðlilegt er á hverjum tíma sem fái birtingu í einstaka námsgreinum.

Viðauki D: Grunnþættir menntunar og viðmið

Eitt meginatriða í menntastefnu nýrra laga um grunnskóla er áherslan á grunnþætti menntunar sem kynntir eru sérstaklega í aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 14-22):

„Þessir grunnþættir eru:
- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það.

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér. Námssvið geta verið sérhæfing í viðfangsefnum skólastarfs þvert á námsgreinar og skólastig.

Grunnþættirnir fléttast inn í aðalnámskrár á öllum skólastigum og fyrirmæli hennar um allt skólastarfið:
- Efnisval og inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af grunnþáttunum.
- Starfshættir og aðferðir, sem börn og ungmenni læra, eru undir áhrifum hugmynda sem fram koma í umfjöllun um grunnþættina.

- Vinnubrögð kennara og annarra, sem starfa í skólum, eiga að mótast af grunnþáttunum þannig að stuðlað sé að sjálfstæði, frumkvæði og þróun í skólastarfi.
- Þegar skólastarf er metið þarf að skoða hvort og hvernig grunnþættirnir hafi sett mark sitt á nám, kennslu og leik og skólastarfið í heild.“

Grunnþættir menntunar tengja þannig saman verkefni dagslegs skólastarfs, kennslu einstakra námsgreina og samhengi námssviðanna. Tafla er hér neðar skýrir ýmsa þætti og atriði sem heyra undir hvern grunnþátt fyrir sig og er viðfangsefni sem eiga að birtast í grunnskólastarfinu þvert á námsgreinar. Hún er samantekt úr aðalnámskrá grunnskóla (2011) til að ná utan um margvíslegar áherslur þaðan án þess þó að teljast vera fullkomin samantekt og því sé rými til frekari mótunar eða þróunar viðfangsefna í kennslu. Taflan er til leiðbeiningar skólum til að móta grunnþætti menntunar í skólanámskrá.

Tafla 3: Grunnþættir menntunar og efnisþættir einstakra grunnþátta í skólastarfinu

Grunnþáttur	Efnisþættir grunnþátta menntunar skv. aðalnámskrá grunnskóla
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	Lýðheilsa byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Það er áhersla á heilbrigða hreyfingu og hollt mataræði, geðvernd, forvarnir gegn vímuefnaneyslu, kynheilbrigði og aðra þætti sem stuðla að heilbrigði og velferð nemenda til jákvæðrar sjálfsvitundar og vinna gegn áhrifum fíknar á einstaklinga í hvaða mynd sem hún kann að birtast. Samstarf við heimilin er ekki síst mikilvægt um þennan þátt og mikilvægt að byggja upp hefðir og vana til jákvæða og heilbrigðra lífsviðhorfa sem stuðla að þroska nemenda í átt til jákvæðrar sjálfsmyndar. Þar er skólinn mikilvæg fyrirmynd til heilbrigðis og velferðar með starfsháttum sínum, kennsluháttum og tilboðum til nemenda. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í námsgreinum skólans og í samstarfi við stoðþjónustukerfi skólans varðandi einstaka nemendur í gegnum nemendaverndarráð og önnur teymi í skólastarfinu.

Grunnþáttur	Efnisþættir grunnþátta menntunar skv. aðalnámskrá grunnskóla
JAFNRÉTTI	Jafnrétti gegn hvers konar mismunun á grunni fötlunar, aldurs, trúar, kynhneigðar, lífsskoðana, litarháttar, ætternis, búsetu, stöðu, þjóðernis, kynþáttar og kyns. Virðing, umburðarlyndi, víðsýni, friður og að rækta hæfileika sína og gagnrýni á viðhorf í samfélagi og menningu eins og þau snúa að viðfangsefninu jafnrétti. Jafnréttismenntun er með áherslu á kyn og kynhneigð. Fjölmenning, tungumál, menning og uppbygging skólasamfélags án aðgreiningar eru sömuleiðis þættir í jafnrétti. Jafnréttismenntun felur þá í sér jafnrétti varðandi námsmöguleika, námsefni, kennsluaðferðir og námsumhverfi auk réttar til náms- og starfsráðgjafar í skólanum. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.
LÝÐRÆÐI OG MANN-RÉTTINDI	Lýðræðisleg vinnubrögð og þátttaka, uppbygging lýðræðislegs samfélags (siðgæðisvitund, félagsvitund, borgaravitund), samvinna og hjálpsemi, virðing og umburðarlyndi, manngildi og umhyggja og réttindi barna og skyldur eru hluti þess að byggja upp samábyrgt og sjálfbært samfélag. Sömuleiðis rökhugsun og gagnrýnin hugsun á grundvelli siðfræði um siðferðilegt líferni og varnir gegn hvers konar ofbeldi í skólastarfinu sem skal endurspeglast í skólabrag skólans og skýrum skólareglum sem vernda gegn brotum á sjálfsögðum réttindum nemenda og starfsfólks. Það er hluti kennslu og náms að tileinka sér lýðræðislega hugsun og vernda mannréttindi sem liður í tileinkun lýðræðislegs gildismats fyrir samfélags-uppbygginguna. Lífsleikni er kennslufræðilegt viðfangsefni í lýðræðislegum skólum. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum.
LÆSI	Læsi snýr að hæfni nemenda í notkun og beitingu íslenskunnar þar sem hæfter að ræða um fluglæsi, treglæsi og ólæsi sem mismikla hæfni og einnig læsilega. Viðfangsefnið læsi í víðum skilningi miðar að hæfni einstaklings að verða læs á umhverfi sitt með því að ráða við margvísleg skilaboð sem mæta honum og bregðast við þeim á jákvæðan hátt. Það snýst á margan hátt um námslega getu til að tileinka sér hæfni sem liggur til grunns í flestum námsgreinum skólans sem

	nemandi á að geta nýtt sér í daglegu lífi og hæfir aldri hans og þroska, t.d. sögulæsi, kortalæsi, menningarlæsi, fjármálalæsi, miðlalæsi, upplýsingalæsi, tæknilæsi, líkamslæsi og vísindalæsi (skv. aðalnámskrá). Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.
SJÁLFBÆRNI	Sjálfbær þróun, breytingar og framþróun og skynsamleg nýting náttúruauðlinda. Ferlar, lögmál og hringrás náttúrunnar, vistfræði, umhverfisvernd, loftslagsbreytingar og líffræðilegur fjölbreytileiki eru einstök viðfangsefni hér. Áherslur eru á jöfnuð, sameiginleg lífsskilyrði, frið og lífsgæði. Hnattræn áhrif, efnahagsþróun og sameiginlegt vistkerfi jarðar falla einnig hér undir. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.
SKÖPUN	Forvitni, athafnaþrá, frumkvæði, frumleiki, uppgötva, njóta, áhugi, virkja ímyndunarafl, leika sér, áskorun, spenna og leit, list- og verknám, nýsköpun og frumkvöðlanám er þættir eða viðfangsefni sem heyra til sköpunarþættinum. Sköpunarkraftur, innsæi og hagnýting skapandi hugmynda til mótunar viðhorfa og gildsmats skal takast á við samræðu um gagnrýna hugsun í daglegu skólastarfi. Sköpun er mikilvæg sem þáttur leiks í námi sem miðar að velferð nemenda til að þroskast sem heildstæðir einstaklingar í lýðræðislegu samfélagi. Fær nánari útfærslu og framkvæmd í einstaka námsgreinum skólans.

Viðmið um grunnþætti menntunar í grunnskólum Hafnarfjarðar eru:

1. **Viðmið aðalnámskrár**: Grunnþættir menntunar skulu vera sýnilegir í skólanámskrá hvers skóla og skulu taka mið af aðalnámskrá grunnskóla (2011) en þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram til að skólar geti kynnt skýrt eigin stefnu.
2. **Grunnþættir menntunar og skólanámskrá**: Hver skóli skal setja sér stefnu um grunnþætti menntunar sem skulu birtast sem hluti af stefnu skóla í skólanámskrá. Sömuleiðis skal skólanámskrá hvers skóla skilgreina áherslur og meginatriði í hverjum grunnþætti menntunar í hverjum bekk/árgangi.
3. **Grunnþættirnir og forvarnir í grunnskólastarfi**: Grunnþættir menntunar gefa forvörnum í skólastarfi grunnskóla nýtt samhengi í því að samhæfa við nám á einstaka námssviðum. Forvarnir miða að almennri velferð og vellíðan fyrir alla nemendur og að tryggja þeim sem mest öryggi í skólastarfi. Í þeim tilgangi leggur sérfræðiþjónusta (sveitarfélagsins við) grunnskóla til sérstök viðmið um almennar forvarnir í grunnskólum Hafnarfjarðar um frekari verkferla og aðgerðir sem miða að velferð nemenda og öryggi í skólastarfi. Hluti forvarna í er að vinna árlega (almenna) forvarnaáætlun fyrir og hver skóli skal hafa skýra stefnu í forvörnum í gegnum grunnþættina. Almennar forvarnir í skólastarfi skal samþætta og tengja sem mest grunnþáttum menntunar með því að samhæfa námi og kennslu allra námssviða í öllum árgöngum. Viðmið um fræðslu um almennar forvarnir í tengslum við grunnþættina er að finna í töflu hér neðar. Töflu 4 er ætlað að hjálpa skólum að skilgreina og útfæra vissar forvarnir í samspili við ákveðna grunnþætti sérstaklega svo forvarnir fái frekari útfærslu í bekkjarnámskrám. Taflan er þó aðeins grunnútfærsla sem hver skóli þarf að skilgreina nánar út frá eigin áherslum og aðalnámskrár með stuðningi viðmiða sveitarfélags.

Tafla 3: Forvarnasvið/-flokkar og tengsl við grunnþætti menntunar

Svið ↓	Forvarna-flokkar ↓	Grunn-þáttur: →	Heilbrigði og velferð	Jafnrétti	Læsi	Lýðræði og mannréttindi	Sjálfbærni	Sköpun
Einstakl-ingur	1. LÝÐHEILSA		x	x	x	x	x	x
	2. SJÁLFSRÆKT		x	x	x	x	x	x
	3. VÍMUVARNIR		x		x		x	
	4.	einelti	x	x		x		

	OFBELDI							
		kynferðislegt ofbeldi	x	x		x		
		fordómar og mismunun	x	x		x		
		vanræksla	x	x		x		
III. Náttúrulegt umhverfi	**5. ÖRYGGISVARNIR**		x		x	x	x	

Viðauki E: Námssvið, námsgreinar og viðmið

Nám í grunnskóla felur í sér að kennsla og starfsemi skóla miði að því að aðstoða nemanda í námi svo hann fái kennslu og námsaðstoð við hæfi þau tíu ár sem hann stundar nám í grunnskóla. Það er sameiginlegt verkefni skóla og heimilis. Við kennslu á námssviðum, og einstökum námsgreinum innan þeirra, skal taka mið af viðmiðunarstundaskrá (sjá viðauka B).

Samkvæmt aðalnámskrá skal kennsla í grunnskólum taka mið af átta námssviðum, og talsvert fleiri námsgreinum innan þeirra, og valgreinum. Fyrir hvert námssvið í bekkjarnámskrá skal skilgreina viðmið fyrir námshæfni utan valgreina.

Það er verkefni hvers skóla að bjóða nemendum upp á nám við hæfi svo kennsla og önnur starfsemi í skóla miði að því að ólíkir nemendur geti tileinkað sér nauðsynlega hæfni á sem fjölbreytilegastan hátt eins og nemendur hafa þörf fyrir og getu til. Í því felst að ábyrgð skóla/kennara er að haga störfum sínum þannig að nemendur eigi sem auðveldast að tileinka sér umrædda hæfni. Þar má ræða um fjölbreytni í kennslu***aðferðum*** (sýna, gera sjálfur, rannsaka o.s.frv.), margvíslegt kennslu***efni*** (mis þungt, mis ítarlegt, mis langt o.s.frv.), margþætt kennslu**gögn** (bækur, myndefni, hljóðefni, vefefni o.s.frv.) og ólíkar kennslu***aðstæðum*** (inni, úti, skólastofa, söfn, íþróttasalur o.s.frv.) sem er hluti starfsskyldna hvers kennara að skipuleggja til að námið nýtist sem best miðað við aðstæður nemenda með viðeigandi ábyrgð þeirra á hverjum tíma og eftir viðfangsefnum.

Viðmið um námssvið, námsgreinar og einstaklingsmiðun í námi í grunnskólum Hafnarfjarðar:

1. **Viðmið aðalnámskrár**: Viðmið aðalnámskrár grunnskóla er að skólastarf grunnskóla skuli stefna að því að hver nemandi fái nám við hæfi á sinni tíu ára grunnskólagöngu þar sem námssvið aðalnámskrár í gegnum námsgreinarnar leggi til viðfangsefni sem gefi nemendum möguleika til að efla hæfni sína á hverjum tíma.
2. **Námsviðmið**: Skólastarfið fer fram í gegnum skilgreindan tímafjölda í einstökum námssviðum í samræmi við viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár, almenns hluta (2011). Fyrir hvert námssvið í hverjum bekk/árgangi eru skilgreind námshæfniviðmið og sömuleiðis matsvið fyrir þau sem taka mið af matskvarðanum A-D (sjá hér aftar). Námshæfniviðmiðin í einstaka námssviðum í öllum bekkjarnámskrám taka mið af viðmiðum námsviðanna í 4., 7. og 10. bekk aðalnámskrár, greinahluta (2013). Í hverjum skóla skal útfæra námshæfniviðmið í öllum námssviðunum átta í öllum bekkjarnámskrám í samræmi við áherslur skólans og viðmiðunarstundaskrá hans, þ.e. ef viðkomandi námssvið er ekki kennt í viðkomandi árgangi er ekki nauðsynlegt að skilgreina námshæfniviðmið fyrir það í viðkomandi bekkjarnámskrá. Ekki er lagst gegn því að einstakar námsgreinar skilgreini eigin námshæfniviðmið telji kennarar að það henta betur til viðbótar

námshæfniviðmiðum námssviðsins (sbr. list- og verkgreinar í aðalnámskrá grunnskóla, greinahluta 2103). Slíkt er val í hverjum skóla.

3. **Flokkun námshæfniviðmiða**: Námshæfniviðmið geta verið margvísleg og mismörg eftir námssviðum. Gerð er sú krafa að grunnskólar í Hafnarfirði flokki námshæfniviðmið á grunni faglegra forsenda, þ.e. velji á milli efnisflokkunar (mismunandi eftir námssviðum) eða flokkunar á grunni hæfnishugtaksins (þekking, leikni, viðhorf) sjálfs innan hvers námssviðs. Val um flokkun er ákvörðun innan hvers námssviðs innan hvers skóla í samræmi við stefnu skóla.

4. **Námsgreinar og lýsingar þeirra**: Innan hvers námssviðs skal skilgreina námsgreinar, mismargar eftir atvikum og eðli námssviða. Föst námsgreinaheiti eru í Hafnarfirði sem hafa samræmda uppbyggingu í skólanámskrám allra skólanna í Hafnarfirði, hvort heldur sem námsgrein er kennd stök út af fyrir sig eða er samþætt öðrum námsgreinum í daglegu skólastarfi. Hafnarfjörður setur lágmarksviðmið um tímafjölda í einstaka námsgreinum í hverju námssviði innan tíu ára grunnskólanáms til að tryggja lágmarksgæði í skólastarfi fyrir alla nemendur í bænum. Hver skóli skal hafa möguleika á að skapa sér eigin sérstöðu í kennslu einstakra námsgreina (m.a. viðfangsefni) innan hvers námssviðs í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, almennan hluta (2011) og greinahluta (2013) og stefnu bæjarins, þ.e. velja í hvaða námssviðum hvar hann fer umfram lágmark aðalnámskrá með notkun kennslusatunda til valgreina. Námsgreinalýsingar hafa fasta uppbyggingu sem í öllum tilvikum skal útfæra í öllum námsgreinum í öllum árgöngum (allt að tvær bls. A-4 á námsgrein að öllu jöfnu).

   Uppbygging hverrar námsgreinar í bekkjarnámskrá er þessi:

   i. **Viðfangsefni í náminu** – viðfangsefni sem eru til náms og sýna fram á hæfni. Kynntar séu megináherslur í viðfangsefnum og sem mest yfirviðfangsefni án þess að tilgreina smáatriði (dæmi: „Íslandssaga á 20. öld með áherslu á atvinnuhætti, búsetu og stjórnmál“ eða „tóbaksfræðsla og skaðsemi reykinga“). Ekki er þó lagst gegn því að viðfangsefnin breytist á námstíma (sem hluti skólaþróunar) en séu miklar breytingar gerðar þannig hafi foreldrar rétt á frekari upplýsingum um slíkt áður/um leið og slíkt gerist. Í framhaldinu er bekkjarnámskrá breytt fyrir næsta staðfestingarferli.

   ii. **Námsgögn** – gögn sem stefnt er að nýta í náminu

   Kynnt séu helstu námsgögn og verkfæri sem unnið er með í náminu þótt ekki sé hægt að útiloka að breyting á námsgögnum geti átt sér stað yfir námsárið (sem hluti skólaþróunar) ef ný og heppilegri námsgögn verða til ráðstöfunar. Í framhaldinu er bekkjarnámskrá breytt fyrir næsta staðfestingarferli.

   iii. **Námsfyrirkomulag og námsaðlögun** – skipulag náms, samþætting við aðrar námsgreinar og hvernig nám er aðlagað að ólíkum þörfum nemenda

   Kynnt sé meginfyrirkomulag í skipulagi náms, s.s. einstaklingsvinna, útivinna, hópvinna, bókleg og verkleg vinna, vettvangsferðir og annað sem getur skipt máli í almennum orðum og jafnvel samspil við aðrar námsgreinar.

   Námsaðlögun kynnir á almennan hátt hvernig nám og kennsla í námsgreininni tekur mið af mismunandi námsgetu nemenda, sérstöðu og félagslegum aðstæðum þeirra svo þeir hafi sem mest gagn af náminu og styrkist sem námsmenn. Sú námsaðlögun getur bæði/ýmist gerst í almennum kennslustundum námsgreinar í bekk/hópi eða í sérhæfðum námshópum eftir atvikum (sérkennslu). Í meginatriðum má ræða um sex leiðir í námsaðlögun sem kennarar hafa möguleika á að beita í kennslu sinni:

   Námsefni, námsverkefni, námsaðstæður og námsskilyrði geta tekið mið af:
   1. **Þyngd:** sé misþungt til að mæta ólíkri getu nemenda.
   2. **Breidd**: hafi mismikla breidd í viðfangsefnum til að mæta ólíkum nemendum.
   3. **Áhuga:** svo áhugi nemenda sé tekinn með í námi sem hvati og afl til náms.

4. **Félagsstöðu:** svo nemendur með mismunandi félagsstöðu fái tækifæri til að æfa og þjálfa ólík hlutverk í skólastarfinu.
5. **Fjölbreytni:** í því að því að mismunandi hæfileikar/eiginleikar nemenda njóti sín.
6. **Vali**: svo nemendur hafi einhverja sjálfsstjórn á eigin námi til að mæta eigin námsþörfum og fái þannig tækifæri til sjálfseflingar.

Í einhverjum tilvikum fá nemendur stuðning utan námshóps með eigið námsfyrirkomulag og námsaðlögun sem heyrir til einstaklingsnámskrá viðkomandi.

iv. **Námsmat og námsmatsaðlögun** – hvernig staðið er að námsmati og aðferðir aðlagaðar

Kynnt sé hvernig staðið er að námsmati á getu nemenda, þ.e. aðferðir og leiðir sem farnar eru yfir skólaárið til að stuðla að því að nemandi geti sýnt fram á getu sína og fái sanngjarnt mat á hæfni sína. Ekki er þó lagst gegn því að námsmatsaðferðir breytist á námstíma (sem hluti skólaþróunar) en séu miklar breytingar gerðar þannig hafi foreldrar rétt á frekari upplýsingum um slíkt áður/um leið og slíkt gerist. Í framhaldinu er bekkjarnámskrá breytt fyrir næsta staðfestingarferli.

5. **Einstaklingsnámskrá:** Í sumum tilvikum hentar bekkjarnámskrá ekki fyrir einstaka nemendur árgangs. Í slíkum tilvikum metur skóli, í samráði við foreldra, hvort nemandi fái persónulega námskrá, hér eftir nefnd einstaklingsnámskrá. Hver nemandi sem fær kennslu sem er miðuð að honum sérstaklega, og ekki er bara stuðningur við að tileinka sér kennslu og nám samkvæmt námskrá síns árgangs, skal fá sína einstaklingsnámskrá. Nemendur sem eru í sérúrræðum (sérdeildum, sérskólum) hafa alltaf einstaklingsnámskrár. Sér snið einstaklingsnámskrár er til fyrir Hafnarfjörð sem grunnur en það er síðan hvers skóla að útfæra snið eða form að einstaklingsnámskrá fyrir sína nemendur. Einstaklingsnámskrá nemanda skal gerð fyrir hvert skólaár fyrir sig, endurskoðuð svo oft sem þurfa þykir innan þess og form hennar getur jafnframt verið nýtt sem kennsluáætlun og skýrsla um námið yfir viðkomandi skólaár með viðeigandi skráningum og viðmiðum/markmiðssetningu. Einstaklingsnámskrá er persónuleg námskrá og aðeins ætluð viðkomandi og varðveitist sem trúnaðargagn um nemanda líkt og önnur trúnaðargögn.

6. **Skólanámskrá og kennsluáætlanir:** Kennsluáætlanir er verkáætlanir (daglegar, vikulegar, mánaðarlegar, annarlegar o.s.frv.) sem kennarar vinna til að skipuleggja nánar á hagkvæman hátt daglegt skólastarf. Það er ákvörðun innan hvers skóla hvernig er háttað með kennsluáætlanir almennt, fyrirkomulag skal kynnt foreldum í skólanámskrá/starfsáætlun skóla og birtar í samskiptakerfi heimilis og skóla eins og hver skóli skilgreinir sína ferla þar um og tækni gefur möguleika á. Skólar þurfa ekki að skila kennsluáætlunum til Skólaskrifstofu samhliða skólanámskrám í staðfestingarferli. Nánar er fjallað um uppbyggingu kennsluáætlana í starfsáætlun skóla. Gert er ráð fyrir að kennsluáætlun hafi uppbyggingu eitthvað á þessa leið:

Dagur/vika/ mánuður	Viðfangsefni í námi	Námsgögn	Áhersluþættir út frá viðmiðum um hæfni
	•	•	•
	•	•	•

7. **Skjalavarsla og námskrár:** Einstaka grunnskólar bera ábyrgð á því að varðveita einstaklingsnámskrár alla grunnskólagöngu nemanda í samræmi við opinbera skjalavörslu og reglur Hafnarfjarðarbæjar. Sömuleiðis ber skólum að varðveita kennsluáætlanir í samræmi við vörslu opinberra gagna og reglur bæjarins auk þess sem að þær séu aðgengilegar fyrir starfsfólk skóla. Skólanámskrár varðveita skólar sem sín vinnugögn á tölvukerfi skóla en Skólaskrifstofan annast stjórnsýslulega varðveislu í samræmi við opinberar reglur og reglur bæjarins.

Viðauki F: Hæfni (lykil*hæfni* og náms*hæfni*) og viðmið

Gæði eru meginverkefni grunnskólastarfs samkvæmt lögum um grunnskóla (2008, gr. 29). Gæðin í inntaki skólastarfsins eru skilgreind sem hæfni og er hún metin á grundvelli viðmiða. Hæfninni er skipt í tvo hluta, lykilhæfni og námshæfni, samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011).. Lykilhæfni er metin í tengslum við aldur og er óháð einstökum námsgreinum sem slík. Námshæfni er metin í tengslum við nám nemenda á hverju námssviði og er því verið breytileg milli námssviða og mismunandi eftir námsgreinum innan námssviða eftir árgöngum.

a. Lykilhæfni

Lykilhæfni er hæfni sem snýr að ýmsum mannlegum þáttum eða eiginleikum sem og samskiptum einstaklinga í milli þar sem íslensk menning í lýðræðissamfélagi veitir ýmis æskileg gildi. Til frekari glöggvunar á lykilhæfninni er hún greind í fimm flokka. Þessir flokkar eru samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 53) til skýringar og afmörkunar í viðfangsefninu. Lykilþættirnir fimm eru:

Lykilþáttur	Skýring (bls. 53 í Aðalnámskrá grunnskóla, 2011)
Persónuleg tjáning og skýr miðlun:	Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
Skapandi, gagnrýnin hugsun með frumkvæði til lausna:	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistökum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
Sjálfstæði í verki og samvinna undir leiðsögn:	Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
Ábyrg þekkingarleit og gagnrýnin úrvinnsla:	Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
Mat á eigin námi, vinnubrögðum og frammistöðu:	Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

b. Námshæfni

Námshæfni er sú hæfni sem tengist námi á einstökum námssviðum aðalnámskrár (og öllum námsgreinum innan hvers námssviðs). Aðalnámskrá skilgreinir námshæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk en fyrir aðra árganga skilgreina skólar/kennarar viðmið um námshæfni í einstaka námssviðum. Í einhverjum tilvikum er valið að hæfniviðmið séu sér fyrir hverja námsgrein frekar en fyrir viðkomandi námssviðið í heild sinni sem er þá ákvörðun viðkomandi skóla. Námshæfni er hæfni sem snýr að tileinkun náms í einstaka námssviðum/námsgreinum. Hana má flokka á tvennan hátt:

- út frá eðli hæfninnar: sem þekking, leikni og viðhorf
- út frá efnislegri sérstöðu námssviðs: talað mál, ritun, lestur og málfræði (íslenska).

Viðmið um hæfni, námshæfni og lykilhæfni, í grunnskólum Hafnarfjarðar:

1. **Viðmið aðalnámskrár**: Grunnskólar Hafnarfjarðar skulu taka mið að stefnu og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, almennum hluta (2011) og greinahluta (2013), um hæfni sem skiptist í námshæfni og lykilhæfni. En þar sem aðalnámskrá veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram.
2. **Námshæfni og viðmið**: Aðalnámskrá grunnskóla, námsgreinahluti (2013), leggur til hæfniviðmið fyrir alla grunnskóla í skólastarfi 4., 7. og 10. bekkjar. Í skólanámskrá hvers skóla skal koma fram hvaða hæfniviðmið gilda fyrir einstök námssvið í hverjum bekk/árgangi (bekkjarnámskrá). Námshæfniviðmiðin skulu flokkuð í skólanámskrá grunnskólanna í Hafnarfirði eins fyrir hvert námssvið í öllum árgöngum innan eins skóla. Hver skóli skal hafa námshæfniviðmið fyrir öll námssvið sem kennd eru í viðkomandi bekk.

3. **Flokkun námshæfniviðmiða**: Námshæfniviðmið geta verið margvísleg og mismörg eftir námssviðum. Gerð er sú krafa að grunnskólar í Hafnarfirði flokki námshæfniviðmið á grunni faglegra forsenda, þ.e. velji á milli efnisflokkunar (mismunandi eftir námssviðum) eða flokkunar á grunni hæfnishugtaksins sjálfs (þekking, leikni, viðhorf) innan hvers námssviðs. Val um flokkun er ákvörðun innan hvers námssviðs innan hvers skóla í samræmi við stefnu skóla. Eftirfarandi eru dæmi um flokkunarmöguleikana á námshæfniviðmiðunum og eru sótt í aðalnámskrá:

Efnisflokkun hæfniþátta (sjá 4. bekkur, skólaíþróttir í aðalnámskrá grunnskóla):

Efnisþættir:	Viðmið um námshæfni	Þ	L	V
Líkamsvitund, leikni og afköst:	Við lok árgangs geti nemandi: • Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.		*x*	
Félagslegur þættir:	Við lok árgangs geti nemandi: • Unnið með tilfinningar sem því að vinna og tapa í leikjum.			*x*
Heilsa og efling þekkingar:	Við lok árgangs geti nemandi: • Útskýrt líkamlegan mun á kynjum.	*x*		
Öryggis- og samskipta-reglur:	Við lok árgangs geti nemandi: • Farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengisreglum sundstaða, íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.		*x*	

eða

hæfniflokkun efnisþátta (sjá 4. bekkur, samfélagsgreinar í aðalnámskrá grunnskóla):

Hæfniþættir:	Viðmið um námshæfni
Þekkingar-viðmið:	Við lok árgangs geti nemandi: • Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
Leikni-viðmið:	Við lok árgangs geti nemandi: • Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
Viðhorfa-viðmið:	Við lok árgangs geti nemandi: • Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.

Miðað er við að námshæfniviðmið fyrir hvert námssvið í hverri bekkjarnámskrá taki ekki meira rými en ein til tvær bls. A-4 í skólanámskrárformi.

4. **Lykilhæfni og viðmið**: Aðalnámskrá grunnskóla leggur til viðmið fyrir lykilhæfni fyrir 4., 7. og 10. bekk fyrir alla grunnskóla. Fyrir aðra árganga eru sameiginleg lykilhæfniviðmið fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar og gilda fyrir öll námssvið. Það er síðan hvers skóla/kennara að skilgreina frekar áherslur og aðferðir til meta hvað sé viðeigandi lykilhæfni nemenda og því er gert ráð fyrir að einhver breytileiki sé í áherslum og aðferðum. Hvers skóla er að ákveða lykilhæfni sé eingöngu gefin fyrir öll námssvið saman, hvert fyrir sig eða jafnvel allar námsgreinar.
5. **Hæfni og námsmat**: Um mat á hæfni, hvort sem það snýr að lykilhæfni eða námshæfni, er fjallað um í næsta kafla.

Viðauki G: Námsmat, námsmatskvarðar og viðmið

Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) er það meginatriði að skólastarfið (bæði nám nemenda og framkvæmd skólastarfsins) sé metið. Til að hægt sé að meta slíkt á sanngjarnan hátt þurfi að leggja fram almenn

viðmið um þá hæfni sem taka skal mið af þegar árangur/geta nemenda í skólastarfinu er metin. Aðalnámskráin ræðir þar bæði um mat á lykilhæfni og námshæfni líkt og fyrr hefur komið fram.

Til að hægt sé að meta árangur í námi þarf að hafa grunn til að byggja á við matið. Sá grunnur sem aðalnámskrá kynnir til þess eru viðmið; mat á grunni viðmiða. Þetta ferli að meta hæfnina er nefnt námsmat og má skipta námsmati yfir eitt skólaár í þrjá flokka:

i. **Stöðumat:** Samræða á ákveðnum tímapunkti í námsferlinu til að ígrunda og velta fyrir sér hvernig námið gengur (að ná viðmiðum) og hvaða aðgerðir (vinnubrögð, skipulag) séu nauðsynlegar til að auka líkur á því að viðmiðum sé náð áður en lokamat fer fram (með viðeigandi hvatningu). Gjarnan er rætt um foreldraviðtöl í skólastarfi í þessu samhengi, í upphafi skólaárs eða á ákveðnum tímapunkti í náminu áður en að námslokum kemur (frá upphafi námsáfanga).
ii. **Leiðsagnarmat:** Sú leiðsögn sem fer fram á hverjum tíma í skólastarfinu sem miðar að því að hjálpa og leiðbeina nemendum að ná þeim viðmiðum sem lagt er upp með í námsferlinu (viðmið lokamats). Gerist gjarnan í daglegri samræðu skólastarfsins og við mat einstakra verkefna í dagsins önn.
iii. **Lokamat:** Felur í sér að meta hæfni nemenda í lok náms út frá hæfniviðmiðum.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (almennur hluti, 2011, bls. 54) skal mat á hæfni nemenda gerast með ákveðinni flokkun sem gefur til kynna hvort nemandi hafi náð umræddri hæfni sem stefnt er að hverju sinni. Þetta mat á hæfni skal vera skipt í fjóra flokka sem skýrt er með bókstöfunum A, B, C og D á eftirfarandi hátt:

Kvarði	Námssvið	Lykilhæfni
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Framúrskarandi hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Góð hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Sæmileg hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni.
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.	Hæfni með hliðsjón af viðmiðum um lykilhæfni ábótavant.

Hver skóli hefur val um það hvort A-D matskvarðinn er nýttur í skóla fram að 10. bekk hvað varðar námshæfni en þá er hann skylda. Hver skóli kynnir síðan hver viðeigandi námshæfni er innan hvers námssviðs í hverri bekkjarnámskrá. Á grundvelli þess er lagt mat á getu nemanda í hverri námsgrein með prófum, verkefnamati, virkni og vinnubrögðum og/eða öðrum matsaðferðum til að átta sig á stöðu nemanda sem undirstöðu á grundvelli viðmiða á hæfni hans í lok skólaárs.

Viðmið um námsmat, og námskvarða í grunnskólum Hafnarfjarðar:

1. **Viðmið aðalnámskrár**: Grunnskólar Hafnarfjarðar skulu taka mið að stefnu og viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, almennum hluta (2011) og námsgreinahluta (2013), um hæfniviðmið um námshæfni og lykilhæfni í grunnskólum Hafnarfjarðar. En þar sem hún veitir ekki leiðbeiningar eða viðmið gilda frekari viðmið sveitarfélagsins sem koma hér áfram.
2. **Mat á námshæfni (innan námssviðs og í námsgreinum hennar)**: Mat á námshæfni nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar í einstaka námsgreinum skal vera kynnt a.m.k. árlega í skriflegu formi (námsmatsskírteini) í öllum grunnskólum bæjarins við lok hvers skólaárs. Annað formlegt námsmat er ákvörðun skóla, þ.e. annarmat, í samræmi við stefnu skóla. Námsmat er

hægt að gefa í einstaka námsgreinum námssviðs á hverjum tíma með þeim matskvörðum sem skóli ákveður (t.d. A-D, 0-10, orð eða önnur tákn) en kvarðann A-D eftir námssviðum í 10. bekk.

3. **Mat í lykilhæfni (innan námssviðs)**: Mat á lykilhæfni nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar í einstaka námssviðum vera gerð og kynnt a.m.k. árlega í skriflegu formi (námsmatsskírteini) í öllum grunnskólum bæjarins við lok hvers skólaárs. Annað formlegt námsmat er ákvörðun skóla, þ.e. annarmat, í samræmi við stefnu skóla. Samræmd viðmið eru um lykilhæfni í öllum námsgreinum innan árgangs og þau eru sameiginleg fyrir alla grunnskóla Hafnarfjarðar sem grunnur mats í öllum skólum (en aðferðir skilgreindar innan hvers skóla á grundvelli fagmennsku í skólastarfinu), á matskvarðanum A-D. Miðað er við að mat á lykilhæfni sé gefið fyrir námssviðið eingöngu en þó geti einstök námssvið ákveðið að gefa sérstaklega fyrir námshæfni í einstökum námsgreinum innan skóla í samræmi við stefnu skóla.
4. **Námsmatskvarðinn A-D og námssviðin**: Í skólanámskrá hvers skóla skal koma fram hvaða námsmatskvarða skóli notar. Námsmatskvarðann A-D er skylt að nota fyrir námssviðin í 10. bekk frá vori 2015 en fyrir aðra bekki er það val skóla hvort gefið sé mat fyrir námssviðið í heild sinni.
5. **Námsmat í námsgreinum og námsmatskvarði**: Fyrir einstaka námsgreinar geta skólar gefið nemendum námsmat sem prófaeinkunnir á sjálfvöldum skala, umsagnir eða önnur matsgjöf eftir því sem stefna skóla kveður á um svo framarlega sem slíkt brýtur ekki viðmið aðalnámskrár eða þessi viðmið. Mikilvægt er að skólar notist við fjölbreyttar matsaðferðir til að stuðla að því að nemendur fái sem sanngjarnast mat á eigin námi sem sýni á trúverðugan hátt hæfni þeirra. Lýsing á þeim skal koma fram í kynningu einstakra námsgreina.
6. **Matsaðferðir í námsmati**: Sérhver skóli skal kynna í stefnu sinni áherslur í námsmati og hvernig skólinn hyggst fara eftir viðmiðum aðalnámskrár grunnskóla (2011, bls. 52-57) um námsmat, t.d. fjölbreyttar aðferðir í námsmati, reglulegt mat (símat), að námsmat nýtist til hvatningar og örvunar í námi og sé sem áreiðanlegast. Við lýsingar á framkvæmd einstakra námsgreina skal koma fram sem skýr lýsing á námsmati hennar sem gefi fullnægjandi upplýsingar um hvernig mat á náminu fer fram. Ítarleg lýsing á einstaka matsaðferðum er ekki þörf svo framarlega að slíkt komi fram í almennri stefnu skóla um námsmat í skólanámskrá.
7. **Námsmat við lok grunnskóla**: Við lok grunnskóla skulu allir grunnskólar í Hafnarfirði gefa nemendum námsmat um hæfni í námi sem færi honum og öðrum (t.d. framhaldsskólum) nægilegar upplýsingar um stöðu hans fyrir áframhaldandi nám og störf.

Lokaorð

Skólanámskrá skólans, á grundvelli aðalnámskrár grunnskóla og viðmiða frá sveitarfélaginu á grunni faglegrar samvinnu í skólakerfi bæjarins, er lykilplagg í skólastarfi þeirra. Í því felst að skólanámskráin nái að lýsa þeim gæðum sem skólar (ætla að) standa fyrir. Það er von bæjaryfirvalda að skólanámskrá hvers skóla nái því að vera gæðahandbók sem stuðli að árangursríkri og ánægjulegri skólagöngu hvers barns í bænum. Við eigum ekki að sætta okkur við neitt minna og það er hlutverk alls skólasamfélagsins að vinna að því. Með ósk um að þessi bekkjarnámskrá, sem einn tíundi af skólanámskrá skólans, stuðli að slíku með samvinnu allra sem að námi nemenda koma.